



# ÁFANGASKÝRSLA

STARFSHÓPUR  
UM SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

VINNUSKJAL 28. NÓVEMBER 2018



## Efnisyfirlit

I Inngangur.....	2
II Forsaga máls og tilefni .....	3
III Fundir starfshópsins og verklag .....	4
IV Samantekt laga og reglugerða um samræmd próf.....	5
a) Samræmd próf í grunnskóla.....	5
b) Samræmd próf í framhaldsskóla.....	7
V Samræmd próf í skólakerfum nágrennalanda.....	8
VI Tilhögun samræmdra könnunarprófa í nágrennalöndum Íslands .....	12
VII Samráðsfundur – Samtal um samræmd próf .....	15
VIII Lokaorð .....	16
Viðaukar.....	17
I Fundarfrásagnir.....	17
II Samráðsfundur – Samtal um samræmd próf .....	28
1. Þátttakendur á samráðsfundi 7. nóvember 2018 .....	28
3. Dagskrá samráðsfundar.....	29
4. Heimskaffi: Niðurstöður hópavinnu .....	31
5. Niðurstöður mats þátttakenda á samráðsfundinum Samtal um samræmd próf.....	39

## I Inngangur

Starfshópur um samræmd könnunarpróf var skipaður af ráðherra 16. apríl 2018. Hópnunum er falið að vinna *tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*. Í vinnu hópsins felst meðal annars að skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008. Jafnframt að greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda.

Í þessari áfangaskýrslu, sem er hluti af vinnugögnum starfshópsins, er gerð grein fyrir tilurð verkefnisins og hlutverki starfshópsins, þeirri vinnu sem fram hefur farið og afreksstur hennar. Efninu er skipt í nokkra kafla. Í kafla IV er yfirlit um lög og reglugerðir sem byggist á samantekt Margrétar Harðardóttur. Í kafla V er fjallað um samanburð milli landa og byggist efnið einkum á samantekt frá Menntamálastofnun. Í viðauka eru fundargerðir og gögn frá samráðsfundi með hagsmunaaðilum. Skýrslan inniheldur hvorki drög að tillögum né niðurstöðum. Framundan er áframhaldandi vinna starfshópsins en hann mun skila tillögum sínum í skýrslu til ráðherra 28. febrúar 2019.

Starfshópurinn skipa:

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, formaður, án tilnefningar

Margrét Harðardóttir, án tilnefningar

Þórður Kristjánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Helgi Arnarson, tilnefndur af Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum

Brynhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af Skólastjórafélagi Íslands

Hjördís Albertsdóttir, tilnefnd af Félagi grunnskólakennara

Þorvar Hafsteinsson, tilnefndur af Heimili og skóla

Eðvald Einar Stefánsson, tilnefndur af Umboðsmanni barna

Sverrir Óskarsson, tilnefndur af Menntamálastofnun

## II Forsaga máls og tilefni

Í skrifum og umfjöllun um samræmd próf er ljóst að sitt sýnist hverjum um tilgang þeirra, markmið, hlutverk og notagildi. Þessi umræða hér á landi varð einkar hávær í kjölfar samræmdra könnunarprófa vorið 2018 þegar misbrestur varð á framkvæmd rafrænna prófa í 9. bekk. Í kjölfar þeirrar umræðu ákvað ráðherra að skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að koma með tillögu að framtíðarfyrirkomulagi samræmdra prófa á Íslandi. Óskað var eftir tilnefningum í starfshóp með bréfum dagsettum 19. mars 2018. Ráðherra tilnefndi í hópinn í bréfi dagsettu 16. apríl. 2018. Verkefni hópsins skyldi felast í því að gera tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Það skyldi gert með því að:

- a) skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008
- b) greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrennalanda
- c) afla gagna sem nýst geta í vinnunni.

Afurðavinna starfshópsins verður skýrsla með tillögu að stefnu til framtíðar um fyrirkomulag samræmdra prófa á Íslandi. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópsins ljúki 28. febrúar 2019.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Aðalmenn: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, formaður, án tilnefningar, Margrét Harðardóttir, án tilnefningar, Þórður Kristjánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Helgi Arnarson, tilnefndur af Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, Brynhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af Skólastjórafélagi Íslands, Hjördís Albertsdóttir, tilnefnd af Félagi grunnskólakennara, Þorvar Hafsteinsson, tilnefndur af Heimili og skóla, Eðvald Einar Stefánsson, tilnefndur af Umboðsmanni barna, Sverrir Óskarsson, tilnefndur af Menntamálastofnun.

Varamenn: Sigríður Lára Ásbergisdóttir, án tilnefningar, Guðni Olgeirsson, án tilnefningar, Valgerður Freyja Ágústsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Valgerður Janusdóttir, tilnefnd af Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, Magnús J. Magnússon, tilnefndur af Skólastjórafélagi Íslands, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, tilnefnd af Félagi grunnskólakennara, Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, tilnefnd af Umboðsmanni barna, Inga Úlfisdóttir, tilnefnd af Menntamálastofnun.

### III Fundir starfshópsins og verklag

Kynningarfundur með starfshópnum var haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 19. júní 2018. Á þann fund voru bæði aðalmenn starfshópsins og varamenn boðaðir og auk þess sátu fundinn ráðherra, ráðgjafi ráðherra og ráðuneytisstjóri. Á fundinum kom m.a. fram:

- Að vinna þessa starfshóps og niðurstöður vinnunnar væri liður í menntastefnu 2030 sem ráðherra væri að horfa til.
- Að taka þyrfti ákvörðun um það hvaða lönd verði skoðuð til að greina fyrirkomulag samræmdra prófa í nágrannalöndum okkar. Nefnd voru öll Norðurlönd og auk þess Holland og Bretland. Bent var á að einnig væri ástæða til að skoða Kanada í þessu sambandi.
- Að æskilegt væri að allir í starfshópnum, bæði aðalmenn og varamenn, hefðu vakandi auga fyrir efni sem nýst gæti sem fóður í vinnuna og kæmu því á framfæri við formann hópsins.
- Vilji til að hafa gagnsæi í vinnunni og að leggja fram gögn á opnu svæði, þ.m.t. fundargerðir.
- Þótt í skipunarbréfi væri gert ráð fyrir að verkefni lyki í árslok 2018 mætti gera ráð fyrir því að umfang þess muni kalla á lengri tíma.
- Að gera ráð fyrir áfangaskýrslu þegar líður á vinnuna.
- Að boða til umræðufundar um stöðu verkefnis um miðbik þess.
- Að það gæti gefið góða raun að gera ráð fyrir því í verkefnisáætlun að utanaðkomandi aðilar verði boðaðir á fundi með starfshópnum eftir því sem verkefninu vindur áfram og umfjöllunar-efni gefur tilefni til.
- Að mikilvægt væri að koma að vinnunni með opnum huga og stefna að því að sátt muni ríkja um niðurstöður.
- Að það væri ekki hlutverk þessa hóps að koma með tillögur um hvernig hægt sé að laga kerfi sem e.t.v. er gallað heldur ætti hópurinn að sýna hugrekki og horfa út fyrir boxið. Hafa hag nemenda að leiðarljósi og horfa til framtíðar en ekki fortíðar.
- Að mikilvægt væri að verða sammála um raunverulegt markmið samræmdra prófa. Að mikilvægt væri að skoða hvaða upplýsingar prófin veiti í raun og veru um hæfni nemenda.
- Vilji til að vinna saman að þessu verkefni með jákvæðni í huga.

Fyrsti vinnufundur starfshópsins var í lok ágúst og síðan þá hefur hópurinn fundað nær vikulega á tveggja til þriggja klukkustunda fundum. Ritaðar eru fundarfrásagnir eftir hvern fund og þær birtar á síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins. Mjög góð þátttaka hefur verið á alla fundina og varamenn hafa sjaldan þurft að hlaupa í skarðið. Einn fundur fór fram með fjarfundarþúnaðinum ZOOM. Er það mat starfshópsins að það geti verið mjög heppilegt að hafa möguleika á slíku en að heppilegra sé að funda með hefðbundnum hætti í þessari vinnu. Gestum hefur verið boðið á nokkra fundi og fyrirhugað er að bjóða fleirum. Einnig er fyrirhugað að halda rýnihópafundi með nemendum og með þátttakendum á landsbyggðinni eftir áramót. Fundir úti á landi eru þó háðir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið taki þátt í kostnað vegna þeirra.

Ýmis vinnugögn starfshópsins eru vistuð í felliboxi (dropboxi) sem bæði aðalmenn og varamenn hafa aðgang að. Þar eru ekki vistuð trúnaðargögn. Auk þess er starfshópurinn með opna síðu á vef Stjórnarráðsins og þar er að finna upplýsingar um starfshópinn, allar fundargerðir og efni frá samráðsfundinum. Vakin hefur verið athygli á þessari síðu meðal hagsmunaaðila og allra sem boðið var að taka þátt í samráðsfundinum. Slóðin er: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=50b25c81-e9ad-11e8-942f-005056bc4d74>

## IV Samantekt laga og reglugerða um samræmd próf

Eitt af viðfangsefnum starfshópsins er að skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008. Það efni sem starfshópurinn hefur kynnt sér má sjá í eftirfarandi yfirliti um lög og reglugerðir um samræmd próf og könnunarpróf í grunnskólum og reglugerðir um innritun í framhaldsskóla sem hafa haft áhrif á framkvæmd prófanna. Þá er einnig fjallað um ákvæði í 30. grein laga um framhaldsskóla frá 2008. Yfirlitið nær rúmlega tuttugu ár aftur í tímann eða frá árinu 1995. Þótt í skipunarbréfi starfshópsins hafi verið gert ráð fyrir að lagaramminn yrði skoðaður fá 2008 taldi starfshópurinn ástæðu til að skoða lagarammann lengra aftur í tímann og fá þannig betri yfirsýn um breytingar og þróun sem hefðu orðið á framkvæmd og fyrirkomulagi samræmdra prófa.

### a) Samræmd próf í grunnskóla

1. *Lög um grunnskóla nr. 66/199* Þar segir að halda skuli samræmd próf í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk og að við lok grunnskóla skuli leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Lögin kveða ekki á um í hvaða námsgreinum skuli prófað.

2. *Reglugerð nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.* Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í öllum 4. og 7. bekkjum. Reglugerðin kvað á um að samræmd lokapróf skyldu haldin í 10. bekk í a.m.k. fjórum námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Öll prófin voru skylda. Skipaðir voru trúnaðarmenn til leggja prófin fyrir í skólum.

3. *Í desember 1999 var gerð breyting á lögum um grunnskóla frá 1995.* Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðaðist svo: „Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.“ Markmið prófanna var:

- að veita nemendum og foreldrum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemandans,
- athuga hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi grein hafi verið náð og
- vera viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi brautir í framhaldsskólum.

Vorið 2001 voru haldin valfrjáls samræmd próf í fyrsta skipti í fjórum greinum, þ.e. íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Fjölgunin í sex próf kom til framkvæmda í tveimur áföngum, samræmt próf í náttúrufræði var fyrst haldið vorið 2002 og samræmt próf í samfélagsgreinum vorið 2003. Þrátt fyrir að samræmd próf í 10. bekk hafi verið valfrjáls fyrir nemendur völdu flestir þeirra að þreyta sem flest próf. Árlega þreyttu yfir 90% þeirra samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði, yfir 70% fóru í dönsku-prófið og milli 50 og 60% þreyttu próf í samfélagsfræði og náttúrufræði. Samræmd próf í 10. bekk voru viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla.

4. *Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.* Reglugerðin sem nú er brottfallin var sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og gildi um innritun í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2001–2002. Í reglugerðinni var kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar var krafist vegna inntöku nemenda á tilteknar námsbrautir framhaldsskóla. Inntökuskilyrði skyldu stuðla að því að nemendur hefðu nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Inntökuskilyrði miðuðust við

námsárangur á samræmdum lokaprófum í grunnskóla og við skólaeinkunnir við lok grunnskóla. Var þá undir nemendum sjálfum komið hvort þeir tóku samræmt próf eða ekki. Það réðst síðan af því hvaða próf þeir tóku og árangri þeirra á prófunum hvaða námsbrautir í framhaldsskóla þeir gátu valið.

5. *Reglugerð nr. 415/2000 fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla.* Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í öllum 4. og 7. bekkjum. Prófin voru markmiðsbundin.

6. *Reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.* Prófin í 10. bekk voru valfrjáls. Samræmd lokapróf skyldi halda í 10. bekk í a.m.k. sex námsgreinum; íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Þau voru leiðbeinandi fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla. Prófin voru markmiðsbundin, þ.e. tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf var til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar.

7. *2008 Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.* Í lögnum er kveðið á um breytingar á samræmdum prófum í grunnskólum. Könnunarpróf skal nú halda í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmd könnunarpróf á unglíngastigi, þ.e. 8.–10. bekk, í íslensku, stærðfræði og ensku. Í 39. gr. segir að nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skuli þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði. Þessi próf teljast ekki lengur vera lokapróf í grunnskóla líkt og þau samræmdu próf sem áður voru lögð fyrir í 10. bekk. Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum áður en grunnskólanámi lýkur. Samræmd könnunarpróf liggja ekki lengur til grundvallar inntöku nemenda í framhaldsskóla. Þau urðu sambærileg þeim sem tíðkast hafa í 4. og 7. bekk. Hvorki eru haldin sjúkrapróf né skipaðir trúnaðarmenn eins og áður var við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk fyrir breytinguna.

8. *Reglugerð 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.* Haldin voru próf í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og að auki í ensku í 10. bekk. Prófin áttu að vera markmiðsbundin líkt og áður en einnig leiðbeinandi og upplýsandi.

9. *Reglugerð 173/2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla.* Reglugerðin kveður á um að halda skuli próf í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Prófin eiga að nú að vera hæfnimiðuð, en ekki eingöngu markmiðsbundin eins og áður, og einnig leiðbeinandi og upplýsandi. Prófin byggja á námsmarkmiðum sem eru tilgreind í aðalnámskrá. Aðalnámskrá leggur áherslu á kunnáttu, leikni og hæfni nemenda en ekki ákveðin afmörkuð efnisatriði.

## **b) Samræmd próf í framhaldsskóla**

1. *Lög 80/1996. Ákvæði 24. gr. og ákvæði I til bráðabirgða og lög um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum en þar segir í 4. gr.: „Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Stúdentspróf skulu vera samræmd í tilteknum greinum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra“.*

2. *Reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum. Samræmd stúdentspróf skyldu haldin í íslensku og stærðfræði tvisvar á ári og ráðherra gat einnig lagt fyrir samræmt stúdentspróf í samfélagsgreinum og náttúrufræði. Prófin skyldu haldin tvisvar á ári á prófatíma framhaldsskóla í maí og desember. Vegna andstöðu kennara og nemenda voru prófin aðeins lögð fyrir einu sinni. (Brottfallin með reglugerð 364/2006.)*

3. *Reglugerð 364/2006 um afnám reglugerðar nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum og reglugerðar nr. 453/2005 um breytingu á reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.*

4. *Lög 92/2008 um framhaldsskóla. Í 30. gr. laganna um námsmat er ákvæði um könnunarpróf sem aldrei hefur komið til framkvæmda. Þar segir að almennt námsmat í framhaldsskóla sé í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Þar segir einng að „þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færnimarkmið náms. Í þessar grein kemur einnig fram að ráðherra setji reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag og framkvæmd færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendur í framhaldsskólum. Sú reglugerð hefur ekki verið skrifuð.*

---

Þegar þetta yfirlit er skoðað má sjá að markmið og fjöldi prófa í 4. og 7. bekk hefur ekki breyst frá árinu 1995 að öðru leyti að þau eru nú kölluð könnunarpróf en voru áður kölluð samræmd próf og í stað þess að þau eigi að vera markmiðsbundin eiga þau að vera hæfnimiðuð. Meiri breytingar hafa orðið á unglingsstigi. Þar hefur bæði tilgangur prófa og fjöldi þeirra breyst. Flest voru prófin sex og þá voru þau valfrjáls. Þau voru lögð fyrir í lok 10. bekkjar og gegndu því hlutverki að vera inntökupróf í framhaldsskóla. Nú eru prófin haldin í 9. bekk í fyrri hluta mars og þau eiga að vera leiðbeinandi og upplýsandi könnunarpróf. Þá eru prófin nú rafræn í stað þess að vera prentuð á pappír.

Hvorki samræmd próf né skimanir eru lagðar fyrir nemendur eftir að 10. bekk grunnskóla lýkur, ekki á framhaldsskólastigi og ekki á háskólastigi, ef frá eru talin inntökupróf, svo kölluð A-próf, í einstaka deildir háskóla Íslands.



## V Samræmd próf í skólakerfum nágrannalanda

Eitt af viðfangsefnum starfshópsins er að skoða hvernig staðið er að samræmdu námsmáti í nágrannalöndunum og bera saman við framkvæmd prófanna á Íslandi. Samanburður námsmats milli landa er hins vegar vandasamur því uppbygging menntakerfa, framkvæmd námsmats, eðli og innihald prófa, starfs-hættir skóla, hugtakanotkun og aðrir þættir eru hver með sínum hætti í nágrannalöndum okkar.

Fá dæmi eru um að fræðimenn eða opinberar stofnanir hafi tekið saman upplýsingar eða yfirlit um samræmd próf. Einna helst má nefna að EACEA<sup>1</sup> gaf út skýrslu 2009 um samanburð, markmið, framkvæmd og notkun niðurstaðna samræmds námsmats í þrjátíu Evrópulöndum. Í þeirri skýrslu kemur einmitt fram hvað fyrirkomulagið er með ólíkum hætti í þessum löndum en jafnframt er bent á að ástæða sé til að huga að betri samræmingu.

Til þess að fá sem heildstæðasta mynd af stöðunni óskaði starfshópurinn eftir því að MMS tæki saman eftirfarandi yfirlit en það er byggt á gögnum frá 15 löndum. Hafa þarf í huga að yfirlitið gefur ekki tæmandi upplýsingar. Þrátt fyrir það er hægt að sjá ákveðna þætti og draga fram nokkur sérkenni í samanburði við samræmt námsmat á Íslandi.

### 1. Tilgangur samræmdra prófa

Samanburður á samræmdum prófum milli landa dregur fram mjög ólík hlutverk þeirra. Þannig er þeim ýmist ætlað að veita nemendum og kennurum endurgjöf eða að meta árangur skóla, jafnvel er þeim ætlað að vera ákveðið eftirlitstæki og ákvarða kjör kennara. Stundum eru próf fyrir yngri nemendur notuð til skimunar en próf fyrir eldri nemendur til að meta stöðu skóla og árangur kennslu. Sumar þjóðir leggja fyrir nokkur próf á hverju ári sem hafa mismunandi tilgang, það er t.d. gert bæði í Noregi og Englandi. Einu prófi er þannig ætlað að kanna hæfni nemenda en öðru að athuga að hvaða marki markmiðum aðalnámskrá hefur verið náð. Í samanburði við önnur lönd virðst prófin á Íslandi vera með breiða skírskotun, þ.e. samkvæmt lögum er einu prófi ætlað að uppfylla fjölþættan tilgang. Önnur lönd virðast nota fleiri próf þegar ná þarf fram fjölbreyttum upplýsingum, s.s. um stöðu nemenda og upplýsingar um stöðu menntakerfis.

### 2. Fyrirkomulag samræmdra prófa

Flest lönd leggja fyrir talsvert fleiri samræmd próf en gert er á Íslandi. Það á t.d. við um Skotland, Danmörku, Svíþjóð, Noreg, England, Frakkland og Holland. Finnland er eina landið sem hefur færri samræmd próf en Ísland. Yfirleitt eru prófin lögð fyrir bæði yngri og eldri nemendur og algengt er að það sé gert á seinni hluta skólaársins. Það er þó ekki einhlítt.

Hvert land er með ákveðið skipulag í kringum samræmd próf og hefur mótað námsmatsramma um prófaferli frá upphafi skólagöngu til loka hennar. Mjög mismunandi er hvaða sveigjanleika nemendur og skólar hafa til að ljúka prófum. Í sumum löndum er ákveðið tímabil eða prófagluggi og gott svigrúm fyrir skóla að leggja prófin fyrir en í öðrum eru tilteknir opinberir prófdagar líkt og hér á landi. Sums staðar gefst kostur á því að taka sjúkrapróf en það er ekki í boði á Íslandi.

Próftíminn er líkt og annað mjög mismunandi milli landa. Á Íslandi er próftími í 9. bekk 150 mínútur, 80 mínútur í 7. bekk og 70 mínútur í 4. bekk. Sum lönd eru með mjög stuttan próftíma og meta hæfni

<sup>1</sup> Education, Audiovisual and Culture Executive Agency. Sjá: <https://www.european-agency.org/sites/default/files/Eurydice.pdf>

nemenda meðal annars út frá því hversu fljótir þeir eru að ljúka við verkefni en önnur hafa engin tímamörk.

### 3. Prófpættir

Flest lönd leggja fyrir próf í kjarnagreinunum móðurmáli, stærðfræði og tungumálum. Próf í móðurmáli er mjög mismunandi milli landa og jafnvel stundum samþætt öðrum námsgreinum. Hér á landi er prófað úr lesskilningi og málnotkun en annars staðar er prófað úr fleiri þáttum, s.s. málfræði, læsi, lesskilningi, ritun og stafsetningu. Erfitt er að greina ákveðna stefnu í sambandi við próf í kjarnagreinum en ljóst er að öll löndin eru með einhvers konar samræmt námsmat til að meta grunnfærni nemenda í móðurmáli. Það sama má segja um stærðfræði en mismunandi menntunarfræðilegar forsendur geta legið að baki skilgreiningu hugtakanna, þar sem annaðhvort er verið að tala um stærðfræði (mathematics) eða talnafræði (numeracy).

### 4. Tegundir prófatriða, uppbygging og tengsl við aðalnámskrá

Í samræmdum prófum á Íslandi er lögð áhersla á að meta hæfni nemenda frekar en þekkingu. Prófin eru byggð upp á fjölvalsspurningum. Flest samanburðarlöndin eru með umtalsvert fjölbreyttari próf og með fleiri tegundir prófatriða. Mörg þeirra eru með fjölbreytni í einkunnagjöf og veita nemendum endurgjöf. Flest lönd eru með mjög skýra stefnu um að það sé ekki markmið eða tilgangur samræmds námsmats að endurspeglar marga þætti aðalanámskrár heldur segja það skýrt að prófið sé afmarkað við ákveðna afmarkaða þætti aðalnámskrá. Til dæmsi eru próf í móðurmáli í Noregi byggð á nokkrum lesskilningstextum og hafa ekki eins mikla breidd og sambærileg próf á Íslandi.

Á Íslandi er sérstök stofnun sem heldur utan um gerð prófspurninga og prófaferlið í heild. Hins vegar er algengt erlendis að háskóladeildir, sérhæfðar stofnanir (fræðasetur) eða sérstök fyrirtæki hafi umsjón með samræmdum prófum og að sérfræðingar með mikla sérhæfingu á viðkomandi sviði séu fengnir til að semja afmarkaða þætti í hverju prófi. Það eru oft aðilar sem hafa langa starfsreynslu og sérfræðiþekkingu á ákveðnu sviði sem koma að verkefninu.

### 5. Rafræn eða pappír

Samhliða almennri tækniþróun hafa margar þjóðir nýtt sér þann möguleika að leggja samræmd próf fyrir rafrænt. Það á við hér á landi þar sem skrefið var stigið til fulls á nær einu bretti og samræmd próf lögð fyrir eingöngu rafrænt árið 2016 í 4. og 7. bekk og í 9. bekk árið 2017. Aðrar þjóðir hafa stigið skref í sömu átt, t.d. Danmörk, Noregur, Holland og Færeyjar. Svíþjóð, Finnland, Portúgal, Lúxemborg, Frakkland og Skotland. Það liggur skýrt fyrir hjá flestum löndum að þau ætla ekki að sleppa fyrirlögn á pappír fyrir en þau hafa þróað öflugan rafrænan búnað, sbr. Svíþjóð, England og fleiri.

Öll samanburðarlöndin eru í mikilli þróunarvinnu með samræmd próf og miklir peningar eru lagðir í viðhald og þróun tölvukerfa. Flest lönd eru með sín eigin prófakerfi en eru að skoða möguleika á samstarfi.

### 6. Aðlöguð próf

Rafræn próf gefa kost á því að meta hæfni nemenda á annan hátt en hægt er að gera með hefðbundnum prófum á pappír. Ein gerð slíkra prófa eru kölluð aðlöguð próf (adaptive). Þau felast í því að spurningarnar eða verkefni sem birtast á skjá nemandans taka mið af árangri á fyrri spurningum. Þegar það er gert fá nemendur mismunandi verkefni eða spurningar að glíma við í samræmi við getu þeirra. Þessi aðferð er í þróun í mörgum löndum, m.a. hér á landi. Þau krefjast þess að útbúinn sé stór prófabanki til þess að prófin geti talist áreiðanleg. Í Danmörku eru próf nú lögð fyrir með þessum hætti. Nokkur lönd

hafa mætt þörfinni fyrir aðlöguð próf með því að leggja fyrir fleiri en eitt próf, t.d. sérstök próf fyrir nemendur með annað móturmál.

### 7. Hvaða afleiðingar hefur prófið fyrir nemendur?

Víðast hvar ráða niðurstöður samræmdra prófa úrslitum um það hvaða skóla nemendur geta sótt eða hvers konar nám þeir geta stundað. Niðurstöður samræmdra prófa á Íslandi hafa hins vegar ekki þetta vægi en til skamms tíma voru niðurstöður þeirra notaðar við innritun náms í framhaldsskólum. Á Íslandi geta nemendur sótt um aðgang að námi í háskóla að uppfylltum skilyrðum, til dæmis stúdentspróf, og ekki er spurt um árangur í samræmdu námsmati. Samanburðarlöndin virðast flest nota samræmt námsmat sem grunn fyrir ákvörðun um frekara nám nemenda og sum nota þetta mat beint til að skilyrða val nemandans á næsta skólastigi. Finnar, sem ekki leggja fyrir samræmd próf í grunnskóla, leggja fyrir umfangsmikið samræmt próf í mörgum námsgreinum í framhaldsskóla sem ákvarða möguleika nemenda til frekara náms.

### 8. Birting niðurstaðna og notkun gagna úr samræmdu námsmati

Stefna stjórnvalda um birtingu og notkun niðurstaðna samræmdra prófa er mjög mismunandi milli landa. Í sumum löndum hefur verið sett í lög að trúnaður ríki um niðurstöður prófa og að öll prófatriði skuli vera trúnaðarmál. Í öðrum löndum er bein skylda að birta niðurstöður eftir skólum og upplýsingar eru notaðar markvisst til að meta árangur skóla enda litið svo á að miklir fjármunir séu í húfi og að foreldrar og stjórnendur eigi rétt á því að fá upplýsingar um skólastarfið. Talið er að slíkt ytra mat sé nauðsynlegt til að gefa skýrar upplýsingar um árangur starfsins og að það sé grunnur til að tryggja rétt nemenda til náms og ákveðins jöfnuðar. Hins vegar hefur verið bent á að slík opinber birting hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér og afmarkað námsmat geti ekki talist farsæll grunnur til að meta skólastarf, enda meti prófin ekki nema afmarkaðan þátt þess. Mörg lönd virðast birta niðurstöður úr samræmdu námsmati opinberlega en einnig eru dæmi um að birting sé ætluð viðkomandi sveitarfélagi.

Annar þáttur sem skiptir miklu máli er hvort nemendur, foreldrar og kennarar fái beinan aðgang að prófatriðum eftir prófin. Eftir að próf á Íslandi urðu rafræn hefur prófatriðum verið haldið leyndum á Íslandi í því skyni að safna prófatriðum fyrir aðlöguð próf og ennfremur hefur verið talið krefjandi og dýrt að búa stöðugt til ný og flókin prófatriði sem eiga að meta hæfni nemenda. Í staðinn hafa svokölluð sýnispróf verið birt en þau sýna raunveruleg svör nemenda við sambærileg prófatriði og voru lögð fyrir á samræmdu könnunarprófi, auk tilvísunar í þá hæfni sem hver prófspurning reynir á. Í mörgum löndum er lögð áhersla á að birta öll próf að lokinni fyrirlögn, enda hafa þau próf beinar afleiðingar fyrir hvern nemanda. Í sumum löndum er leynd yfir prófatriðum en kennari hefur heimild, með ákveðnum skilyrðum, að sjá prófatriði og sýna nemendum og foreldrum prófin í ákveðin tíma.

Þá er mjög mismunandi milli landa hvernig endurgjöf til nemenda, foreldra og skóla er háttað. Mismunandi er hversu ítarleg endurgjöfin er til hvers nemenda og hversu ítarlegar upplýsingar hver skóli fær, sem þátt í ytra mati og sem grunn að ákvarðanatöku.

### 9. Umræða um samræmd próf og viðhorf skólafólks

Umræða um samræmd próf í samanburðarlöndunum virðist einkum felast í gagnrýni á innihald prófa, tengingu við aðalnámskrá, vanlíðan barna, neikvæð áhrif á störf kennara og almennt skólastarf, óljósan tilgang og skort á endurgjöf. Að vísu á þetta einkum við um próf sem hafa afleiðingar fyrir nemendur (e. high stake) en ekki um skimunarpróf eða samræmd könnunarpróf. Einna helst virtist umræða og gagnrýni meðal skólafólks í Skotlandi vera lítil og ekki eins neikvæð og víða annars staðar.

Erfitt reyndist að fá heildstæða mynd af sjónarmiðum nemenda og foreldra. Greina mátti fréttir og yfirlýsingar frá stjórnámálamönnum og yfirmönnum sveitarfélaga þar sem fjallað var um möguleika prófanna og stefna í menntamálum rökstudd með tilvísun í samræmt námsmat. Skýrast komu fram sjónarmið kennara og almennt má segja að þau hafi oft verið frekar neikvæð gagnvart samræmdu námsmati.



## VI Tilhögun samræmdra könnunarprófa í nágrannalöndum Íslands

Í þessu yfirliti er dregin upp einföld mynd af tilhögun samræmdra prófa í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Skotlandi og Ontariofylki í Kanada. Prófin sem lögð eru fyrir í þessum löndum eru af mörgum toga og þau gegna mismunandi hlutverki. Í flestum þeirra er hins vegar unnið að því að þróa rafræna fyrirlögn.

### Danmörk

Saga samræmdra prófa í Danmörku er stutt en segja má að þar hafi prófin þróast hraðar en í hinum samanburðarlöndunum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Danir hafa nýlega umbreytt öllu grunnskólakerfi sínu. Þeir hafa meðan annars tekið það skref að innleiða aðalnámskrá í fyrsta sinn og samhliða því þróað samræmd próf. Þeir hafa innleitt rafræn aðlöguð próf, nokkurs konar stöðutökupróf, sem og samræmdar mælingar á námsframvindu grunnskólanema. Eiga þessar mælingar sér stað frá byrjun til enda grunnskólagöngunnar. Í Danmörku er prófað í öllum árgöngum en mismunandi er á milli ára hvaða próf eru skyldupróf. Námsgreinar sem prófað er úr eru danska, lestur, stærðfræði, enska, landafræði, líffræði, eðlis- og efnafræði.

### Svíþjóð

Í Svíþjóð er leiðsagnarmati, námsmati og prófatengdu lokamati fléttað saman til að meta lokaafkastur. Í Svíþjóð eru haldin ákveðin landspróf. Í 3. bekk er prófað í stærðfræði og sænsku, í 6. bekk er prófað í sænsku, stærðfræði og ensku og í 9. bekk er prófað í sænsku, ensku og stærðfræði. Þá eru nemendur dregnir út til að taka próf í líffræði, eðlisfræði, efnafræði, landafræði, sögu, trúabragðafræði og félagsvísindum. Prófin eru ennþá á pappírformi en unnið er að því að færa þau yfir í rafrænt kerfi, t.d. eiga nemendur að skila ritverkefnum rafrænt.

### Noregur

Í Noregi eru lögð fyrir margs konar próf, allt frá 1. bekk grunnskólans til loka grunnskólans og eru þau ýmist skimunarpróf, áfangapróf sem eiga að aðstoða við leiðsagnarmat (sem er í gangi alla grunnskólagönguna) eða stöðumat þar sem prófuð er þekking er tilteknu efni. Þrjú samræmd könnunarpróf eru sambærileg hinum íslensku könnunarprófum og kallast þau Nasjonale prøver. Þau fara fram í 5., 8. og 9. bekk. Lokaprófið í 10. bekk er mjög umfangsmikið en það er ekki samræmt milli skóla. Skilgreindur tilgangur prófanna er að ganga úr skugga um að nemendur hafi tileinkað sér þá þekkingu og færni sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá en þau eiga einnig að vege sem einn af fleiri þáttum inn í símat hvers nemanda sem í gangi er alla skólagönguna sem endurspeglar stöðu nemandans, bekkjarins og skólans í heild. Niðurstöðurnar eiga að gefa nemendum, aðstandendum, sveitarfélögum, yfirvöldum og rannsakendum gagnlegar upplýsingar um stöðu mála, bæði árganga miðað við aðra og fyrir einstaklinginn sjálfan. Þannig er prófið fyrir 9. bekk lagt fyrir á sama tíma og prófið sem lagt er fyrir 8. bekk. Prófið inniheldur tengisurningar sem gefa marktæka mynd af framvindu einstaklings milli ára og stöðu árgangsins borið saman við árganginn á undan/eftir.

Prófunin hefur verið rafræn um nærri áratuga skeið í Noregi eða frá árinu 2007 og hefur allan tímann verið notast við prófakerfi sem þróað er af samstarfsaðila Udir; [Inspira](#).

### Finnland

Í Finnlandi er ekki notast við samræmdar prófanir á grunnskólastigi þó svo að svo að finnskir grunnskólanemar, sérstaklega í eldri bekkjum, taki margs konar próf og gangist undir sí- og leiðsagnar-

mat. Hins vegar ganga fá ríki jafn langt í samræmdum prófunum og Finnar, hvað varðar að leggja fyrir samræmd próf við lok framhaldskólagöngunnar. Stúdentsprófið í Finnlandi er aldagamalt og umfangsmikið og samræmt. Innganga í háskóla byggist á niðurstöðum prófanna og hafa því prófin mjög mikla þýðingu fyrir finnska unglina.

### Bretland

Það er skólaskylda í Bretlandi frá 5 til 16 ára. Bresku skólakerfi er skipt í ákveðin stig; stig eitt er 1. til 3. bekkur, stig 2 er 4 til 6. bekkur, stig þrjú er 7. til 9. bekkur og stig fjögur er 10. til 11. bekkur. Nemendur gangast undir samræmd próf á lykilstigum 1, 2 og 4. Fram til 2008 voru einnig próf í lok lykilstigs 3 en þá voru þau lögð niður. Prófin sem lögð eru fyrir á fyrstu tveimur stigunum eru svokölluð Standard Assessment Test eða SATs í daglegu tali. Prófin sem lögð eru fyrir á fjórða stigi eru kölluð General Certificate of Secondary Education eða GCSEs í daglegu tali. Prófin eru nær eingöngu lögð fyrir á pappír en nemendur með sérþarfir geta þó nýtt sér tölvur við úrvinnslu. Prófað er úr fjölmörgum námsgreinum.

### Skotland

Í Skotlandi hefur verið innleidd sérstök áætlun (National Improvement Framework) um hvernig eigi að betrubæta menntakerfið og stuðla að betri menntun barna. Hluti af þessum breytingum var innleiðing á samræmdu námsmati (Scottish National Standardised Assessment (SNSA)) skólaárið 2017/2018 og tók það við fjölda annarra staðlaðra prófa sem hafði verið notast við. Prófið er lagt fyrir í öllum skólum í P1, P4, P7 og S3 (5–6 ára, 8–9 ára, 11–12 ára, 14–15 ára) þar sem áhersla er lögð á lestur, skrift og talnalæsi, en 5–6 ára nemendur taka aðeins próf í lestri og talnalæsi. Prófin eru aðlöguð að hæfni nemenda, s.k. aðlöguð próf, og eru með það grundvallarmarkmið að veita endurgjöf til kennara og er þannig hluti af stærri endurgjöf skóla til foreldra og nemenda. Hægt er að leggja prófin fyrir hvenær sem er á skólaárinu, í upphafi skólaárs eða um mitt skólaárið ef kennari vill taka stöðuna og ákvarða um framhaldið þegar kemur að kennslu. Eða í lok skólaársins til að sjá hvernig nemendum hefur gengið áður en þeir færa sig yfir í næsta bekk til að láta upplýsingarnar áfram til næsta kennara. Það eru engin tímatakmörk á prófunum, en flestir nemendur ljúka við prófin innan 45 mínútna. Niðurstöðurnar eru ekki til opinberrar birtingar né til samanburðar á skólum. Þó er hægt að nálgast stöðu bekkjar eða hópa innan skólans, upplýsingar um stöðu á sveitarstjórnarstigi eða eftir hópum/hverfum. Einnig geta opinber yfirvöld aflað gagna til að fá heildarsýn á kerfið.

### Ontario – Kanada

Kanada er skipt upp í tíu ríki sem hvert hefur sjálfstjórn yfir eigin menntakerfi og gerir að verkum að ríkin eru mjög ólík sín á milli hvað menntun varðar. Í Ontario sér EQAO (Education Quality and Accountability Office) um alla prófagerð, en EQAO er stofnun sem mælir læsi, stærðfræði og skrift á ákveðnum stigum í menntun nemenda. Það eru lögð fyrir samræmd próf í 3. bekk, 6. bekk, 9. bekk og 10. bekk. Í 3. bekk fyrir 8–9 ára nemendur, og í 6. bekk eru tvö próf lögð fyrir 11–12 ára, þ.e. stærðfræði og tungumál (lestur og skrift). Tungumálprófinu er skipt upp í fjóra hluta (A,B,C,D) og stærðfræðinni í tvo hluta (1,2). Taka þarf prófin í rétttri röð, en ekki þarf að taka þau á sama degi eða sama tíma. Þannig mætti til dæmis skipta þessu upp þannig að tekin er stærðfræði 1, svo tungumál A, tungumál B, tungumál C, stærðfræði 2, tungumál D. Í 9. bekk er stærðfræðipróf sem er í tveimur hlutum, klukkustund hvor hluti. Heimild er fyrir því að nota allt að 30% af prófinu sem hluta af loka-einkunn eftir því hvað kennari, skóli eða skólanefnd ákveður. Í 10. bekk er OSSLT-prófið (Ontario

secondary school literacy course) til að athuga læsi nemenda þvert á skólafög og hvort nemendur séu ekki að ná lágmarkskröfum í læsi. Prófið er hagsmunapróf (high stake) sem segir til um það hvort nemandi fái að útskrifast úr skóla, þetta er þó við 16 ára aldur (OSSLT er eitt af 32 atriðum sem nemandi verður að ljúka til að útskrifast). Prófin eru ekki rafræn.

### Holland

Í Hollandi eru haldin ýmis samræmd próf. Þar eru nokkur fyrirtæki sem sjá um fyrirlögn og samningu prófatriða. Um 170 til 200 þúsund nemendur eru í árgangi. Skil milli skólastiga eru við 12 ára aldur og aftur við 15–16 ára aldur. Við 12 ára aldur eru próf sem eru ráðgefandi fyrir frekara nám nemenda. Nám með akademískum áherslum og starfsmiðuðum áherslum skiljast að á þessum tímapunkti. Próf sem fylgjast með framvindu nemenda í námi eru tvisvar á ári. Lokapróf eru þegar skólastigi 2 lýkur (lok unglíngastigs). Önnur próf eru stöðupróf í móðurmáli/lestri, stærðfræði og ensku sem erlendu tungumáli sem haldin eru opin og nemendur geta þeytt í prófagluggum (4 til 6 á ári). Það sem Hollendingar tala um sem National Assessment eru prófin sem haldin eru við skil milli þess sem væri miðstig og unglíngastig hjá okkur, 11–12 ára. Þessi próf eru „high-stakes“ (próf með einstaklingsbundnum afleiðingum) þar sem þau eru ráðgefandi um frekara nám nemenda.

## VII Samráðsfundur – Samtal um samræmd próf

Í samræmi við verkefnisáætlun var boðað til samráðsfundar með hagsmunaaðilum. Auk aðalmanna og varamanna í starfshópnum fengu um 60 einstaklingar boð um að taka þátt í fundi sem kallaður var *Samtal um samræmd próf*. Fundinn sóttu 50 manns (sjá þátttökulista í viðauka). Fundurinn fór fram í Golfskála Garðabæjar miðvikudaginn 7. nóvember kl. 8.45–12. Á fundinum gerði Svanhildur Kr. Sverrisdóttir grein fyrir hlutverki og vinnu starfshópsins, Sverrir Óskarsson hélt erindi þar sem hann fjallaði um með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrennalanda og Rúnar Sigþórsson flutti erindi þar sem hann fjallaði um hlutverk og gildi samræmdra könnunarprófa. Meginviðfangsefni fundarins var hins vegar samtal þátttakenda í nokkrum hópum. Þrjár eftirfarandi spurningar voru sendar þátttakendum nokkrum dögum fyrir fundinn:

1. **Markmið:** Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heild að hafa samræmd próf?
2. **Hlutverk:** Hvernig má nýta niðurstöður samræmdra prófa sem best?
3. **Framkvæmd og fyrirkomulag:** Hvernig fyrirkomulag hentar best við framkvæmd og fyrirlögn samræmdra prófa?

Spurningarnar hafa samhljóm við hlutverk starfshópsins. Fundarstjóri var Elín Thorarensen og henni til halds og traust voru borðstjórar úr hópi aðalmanna og varamanna í starfshópnum. Niðurstöður samtalsins voru áhugaverðar og verða þær nýttar við áframhaldandi vinnu starfshópsins. Nokkuð ljóst er að það eru skiptar skoðanir um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag prófanna og að margir eru þeirrar skoðunar að samræmd próf í núverandi mynd þjóni litlum sem engum tilgangi.

Sjá nánar dagskrá og niðurstöður samtalsins í viðauka.

Eftir fundinn var þátttakendum sendur tölvupóstur með slóð á síðu þar sem þeir voru beðnir um að leggja mat sitt á fyrirkomulag fundarins og gagnsemi hans. Jafnframt var þeim bent á síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins þar sem meðal annars má finna efni frá fundinum. Nítján þátttekendur svöruðu könnuninni og svörin voru öll jákvæð utan svara eins þátttakenda. Sjá nánar í viðauka.



## VIII Lokaorð

Skólastarf í grunnskólum á Íslandi hefur þróast með ýmsum hætti undanfarna áratugi. Í lögum um grunn- og framhaldsskóla 2008 og nýjum aðalnámskrám í kjölfarið er boðað skólastarf með annars konar áherslum en áður var gert og ekki síst má segja að lagðar hafi verið til miklar breytingar á námsmati þar sem meta skyldi hæfni nemenda í stað þekkingar áður.

Þau samræmdu próf sem lögð hafa verið fyrir á Íslandi lengst af, hlutverk, markmið og fyrirkomulag þeirra, eiga uppruna sinn í annars konar skólaumhverfi en við þekkjum í dag. Möguleikar fyrir nemendur til að gera grein fyrir þekkingu sinni eða hæfni hafa gjörbreyst og möguleikar kennara til að meta nemendur hafa aldrei verið fjölbreyttari. Því er bæði eðlilegt og mikilvægt að velta fyrir sér framtíðarhlutverki samræmdra prófa.

Í þeirri vinnu starfshópsins sem að baki er hafa margar spurningar vaknað og án vafa eiga enn fleiri eftir að skjóta upp kollinum áður en tillögur að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa verða fullmótaðar. Nefna má spurningar eins og hvort samræmd próf hafi ef til vill tapað því gildi sem þau höfðu, hvort ástæða sé til að fjölga þeim eða fækka, sleppa samræmdum prófum í 4. bekk eða 9. bekk, sleppa þeim alveg í grunnskóla og leggja þau fyrir í framhaldsskóla – hafa prófin valfrjáls eða sleppa þeim alveg yfir höfuð? Eru það raunhæfar væntingar að gera ráð fyrir því að eitt próf eins og samræmt próf geti haft þrenns konar hlutverk, þ.e. að vera fyrir nemendur, skólann og kerfið sjálft? Er það raunhæft að samræmt próf sé notað til að meta gæði skólastarfs?

Vinnu starfshópsins hefur miðað samkvæmt áætlun sem lögð var fram í upphafi verkefnisins. Framundan er frekari vinna við úrvinnslu efnis sem safnast hefur, fleiri samtöl við einstaklinga og hópa. Nefna má að stefnt er að því að tala við hóp nemenda og sveitarstjórnarfólk í janúar. Þá hefur komið til tals að tala við hópa á landsbyggðinni. Ákvörðun um það liggur þó ekki fyrir að svo stöddu.

## Viðaukar

### I Fundarfrásagnir

#### Starfshópur um samræmd könnunarpróf

19. júní 2018

Frásögn af kynningarfundum starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Til fundar boðaði Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, formaður starfshópsins. Lilja D. Alfreðsdóttir ráðherra stýrði fundi. Fundinn sátu: Ásta Magnúsdóttir, Birgitta Bára Hassenstein, Eðvald Einar Stefánsson, Guðni Olgeirsson, Helgi Arnarson, Inga Úlfsdóttir, Lilja D. Alfreðsdóttir, Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, Ómar Örn Magnússon, Selma Árnadóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Valgerður Freyja Ágústsdóttir, Valgerður Janusdóttir.**

Til fundar var boðað í kjölfar skipunarbréfs ráðherra í starfshóp um samræmd próf. Tilnefningarbréf voru send út 16. apríl sl. Í hópnum eiga eftirfarandi fulltrúa: Samband íslenskra sveitarfélaga, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, Skólastjórafélag Íslands, Félag grunnskólakennara, Heimili og skóli, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun.

Viðfangsefni starfshópsins er að gera tillögu að framtíðarstefnu um a) markmið, b) hlutverk, c) framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Hópurinn mun skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008 og greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrennalanda. Á fundinum voru bæði aðalmenn og varamenn í starfshópnum boðaðir og auk þess sátu fundinn ráðherra, ráðgjafi ráðherra og ráðuneytisstjóri.

Á fundinum kom m.a. fram:

- Að vinna þessa starfshóps og niðurstöður vinnunnar væri liður í menntastefnu 2030 sem ráðherra væri að horfa til.
- Að taka þyrfti ákvörðun um það hvaða lönd verði skoðuð til að greina fyrirkomulag samræmdra prófa í nágrennalöndum okkar. Nefnd voru öll Norðurlönd, Holland og Bretland. Bent var á að einnig væri ástæða til að skoða Kanada í þessu sambandi.
- Að boðað yrði til fyrsta vinnufundar um 20. ágúst og þá væri gert ráð fyrir að samburðargögnin lægju fyrir – eða a.m.k. drög að þeim.
- Á fyrsta vinnufundi myndu liggja fyrir gögn um lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008.
- Að æskilegt væri að allir í starfshópnum hefðu vakandi auga fyrir efni sem nýst gæti sem fóður í vinnuna og kæmu því á framfæri við formann hópsins, a.m.k. þangað til búið væri að stofna vinnusvæði á vef.
- Vilji til að hafa gagnsæi í vinnunni og að leggja fram gögn á opnu svæði, þ.m.t. fundargerðir.
- Þótt í skipunarbréfi væri gert ráð fyrir að verkefni lyki í árslok 2018 má gera ráð fyrir því að umfang þess kalli á lengri tíma.
- Að gera ráð fyrir áfangaskýrslu þegar líður á vinnuna og að boða til umræðufundar um efni hennar með stórum hópi.
- Að það gæti gefið góða raun að gera ráð fyrir því í verkefnisáætlun að utanaðkomandi aðilar verði boðaðir á fundi með starfshópnum eftir því sem verkefninu vindur áfram og umfjöllunarefni gefur tilefni til.
- Að verkefnisáætlun ætti að vinna í samstarfi við hópinn.
- Að mikilvægt væri að koma að vinnunni með opnum huga og stefna að því að sátt muni ríkja um niðurstöður.

- Að það væri ekki hlutverk þessa hóps að koma með tillögur um hvernig hægt sé að laga kerfi sem e.t.v. er gallað heldur ætti hópurinn að sýna hugrekki og horfa út fyrir boxið. Hafa hag nemenda að leiðarljósi og horfa til framtíðar en ekki fortíðar.
- Að mikilvægt væri að verða sammála um raunverulegt markmið samræmdra prófa. Að mikilvægt væri að skoða hvaða upplýsingar prófin veiti í raun og veru um hæfni nemenda.
- Vilji til að vinna saman að þessu verkefni með jákvæðni í huga.

SKS/2018

## 29. ágúst 2018

### Frásögn af fyrsta vinnufundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Helgi Arnarson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þórður Kristjánsson.**

Á fundinum var rifjað upp hlutverk og viðfangsefni starfshópsins sem ætlað er að gera tillögu að framtíðarstefnu um a) markmið, b) hlutverk, c) framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Hópurinn mun skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008 og greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda.

Rætt var um verklag og verkþætti og ýmis mál sem tengjast viðfangsefninu, m.a. viðhorf kennara, birtingu niðurstaðna, fjölmiðlaumfjöllun og áhrif hennar, lagaramma fyrir einstaklingsmiðuð próf, persónuverndarsjónarmið og kostnað við framkvæmd prófanna. Þá var rætt um að gott væri að gera sem fyrst drög að efnisgrind skýrslunnar sem verður lokaafurð og einnig um verkefnisáætlun og einstaka þætti hennar.

### Niðurstaða og ákvarðanir

Ákveðið var:

- að safna gögnum í sameiginlegt fellibox og mun SKS skipuleggja boxið til að byrja með og senda bæði aðalmönnum og varamönnum aðgang að því,
- að funda u.þ.b. vikulega meðan unnið er að verkefninu,
- að mtn. tæki saman gögn sem varða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi,
- að safna saman efni sem nýtist í vinnuna í felliboxið, bæði fræðilegum greinum, ábendingum um bækur og efni sem tengist viðfangsefninu
- að skiptast á að lesa efnið og draga saman aðalatriði þess,
- að MMS kynnti á næsta fundi hvernig staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda

Næsti fundur fer fram 5. september 2018 og þar verða skoðuð samanburðargögn.

SKS/2018

## 5. september 2018

### Frásögn af öðrum fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson.**

Meðal þess helsta sem kom var:

- Á fundinum var kynnt samantekt um fyrirkomulag samræmdra prófa í nokkrum nágrannalöndum okkar.
- Fram kom að erfitt væri að bera saman gögn frá löndunum þar sem kerfin væru ólík hvert öðru. Prófatíminn væri mjög mismunandi, innihald prófanna, hugmyndir, skilgreiningar á námsgreinum og fleira. Unnið verður nánar með þessar upplýsingar, þær settar fram á aðgengilegan hátt og birtar sem fylgigögn í lokaskýrslu.
- Bent var á að hægt væri að nálgast aðgengileg gögn á vef Eurydice í kafla 5.3. Slóðin er: <https://eacea.ec.europa.eu/national-policies/eurydice/>
- Fram kom tillaga um að óskað yrði eftir sýnishorni af prófum frá þeim löndum hafa verið til skoðunar.
- Ákveðið var að á næstu vikum yrði leitað út fyrir hópinn og a.m.k. þrjú einstaklingar yrðu boðaðir á fundi með starfshópnum til skrafs og ráðagerðar. Einnig var rætt um að skipuleggja t.d. tvo lengri fundi og bjóða bæði varamönnum og öðrum hagsmunaaðilum að taka þátt. Þá var rætt um að opna síðu á vinnusvæði þar sem hægt væri að nálgast fundargerðir og önnur gögn sem snerta vinnu þessa hóps.

Næsti fundur fer fram 12. september 2018 og verður m.a. farið yfir lagaumhverfi samræmdra könnunarprófa á Íslandi.

SKS/2018

## 12. september 2018

### Frásögn af þriðja fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson.**

Á fundinum var farið yfir samantekt um lög og reglugerðir sem tengjast samræmdum prófum allt frá árinu 1995. Meðal þess helsta sem kom fram.

- Fram kom tillaga um að óskað yrði eftir sýnishorni af prófum frá þeim löndum hafa verið til skoðunar.
- Farið yfir þróun samræmdra prófa í lögum og reglugerðum.
- Allir sammála um að prófin í 10. bekk verði ekki inntökupróf í framhaldsskóla.
- Rætt um prófabanka, úrskurð nefndar um upplýsingalög, fá Valgerði lögfræðing MMS á fund.
- Núverandi próf ekki rétta próftækið. Leysa þarf vandamálið með birtingu prófatriða.
- Skoða prófin frá MMS og öðrum löndum.
- Fjalla um rétt barna. Edvald gerir það.
- Kynningarpróf frá 2010-2012 á vef MMS. Sömuleiðis próf frá 2014.
- Láta meta hvaða hæfniviðmið aðalnámskrár eru ekki metin í prófunum.
- Gera þarf skipurit yfir gerð og uppbyggingu prófa, t.d. þetta er hæfniviðmið og svona er það metið; þetta erum við að meta og svona metum við það.
- eru skólarnir almennt að nota niðurstöður prófanna?

Næsti fundur fer fram 19. september 2018. Gestur þess fundar verður Ingvar Sigurgeirsson.

SKS/2018

**19. september 2018**

**Frásögn af fjórða fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf**

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Gestur fundarins var Ingvar Sigurgeirsson. Hann vék af fundi um miðbik hans.**

Á fundinum var m.a. rætt um viðhorf skólasamfélagsins almennt til samræmdra prófa. Meðal þess sem fram kom:

- Opinbert eftirlit með skólastarfi er mikilvægt og skólar eigi að hafa sjálfræði um eigið starf.
- Eftirlit með skólastarfi og opinber próf eiga að heyra undir sjálfstæða stofnun. Tækifæri var á sínum tíma til að þróa Námsmatsstofnun sem eftirlitsstofnun. Áriðandi er að efla eftirlit með skólastarfi.
- Jákvæð áhrif af úttektum MMS, gott að þeim sé að fjölga úr 8-10 skólum á ári í 17 á þessu ári og 27 á ári frá og með hausti 2019. Þær úttektir eru teknar alvarlega, skólum finnst þær vel unnar og þær hafa jákvæð áhrif.
- Niðurfelling samræmds prófs í dönsku hafði jákvæð áhrif á dönskukennslu. Fagið hefur færst upp vinsældalistann eftir niðurfellingu prófs: fjölbreyttari verkefni, heildstæðari nálgun í faginu.
- Samræmd próf í sjálfu sér kannski í lagi, en umræða og birting niðurstaðna skapar gífurleg vandamál. Réttlætismál að skólar séu ekki dæmdir á röngum forsendum. Togast á upplýsingaskyldan og „verndun hagsmuna skóla“.
- Aðstæður í skólum eru afar ólíkar. Mikilvægt að tekið sé tillit til þessa við úrvinnslu prófanna.
- Vandræðagangur hefur verið áberandi í umræðu og gagnrýni á prófin frá upphafi (50 ár).
- Takmarkað mat felst í prófunum og áhyggjuefni hversu mikinn forgang þessi takmörkuðu atriði fá í skólastarfi vegna þess eins að þau eru prófuð.
- Kennarar kunna vel að meta Lesferil MMS en góð lesskilningspróf vantar.
- Heyrir að kennarar telja rafvæðingu prófanna ganga of hratt. Mismunur milli skóla vegna ólíkra aðstæðna úti í skólunum vegna misjafns tækjakosts. Margir kennarar benda á að stærðfræðin henti ekki í rafræna formið. Sérstaklega erfitt fyrir 4. bekkina.
- Mikilvægt að þróa matshefð fyrir list- og verkgreinar. Áhugaverð tilraun var gerð í Vermont, USA: þróun á samræmdu portfolio námsmati.
- Innleiðing á úrbótum í lestrarkennslu hefur gengið vel. Hver er munurinn á þessari innleiðingu og námsmats innleiðingunni?
- Raunveruleg könnunarpróf: skólar ákveði sjálfir hvort og hvenær þeir nýta prófin, sem og hvort og hvernig niðurstöður eru birtar.
- Þörf er á þéttara samstarfi margra aðila við uppbyggingu prófanna.
- Hætta birtingu niðurstaðna.
- Hvernig getum við gefið eiginlegu námsmati í skólunum sjálfum meira vægi?

Næsti fundur fer fram 26. september 2018. Gestir þess fundar verða Sigurður Konráðsson og Ýr Þórðardóttir og munu þau fjalla um niðurstöður rannsókna á samræmdum prófum.

BS/SKS/2018

26. september 2018

**Frásögn af fimmta fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf**

**Fundinn sátu: Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Magnús J. Magnússon, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Gestir fundarins voru Sigurður Konráðsson og Ýr Þórðardóttir**

Viðfangsefni fundarins var einkum að fjalla um nýlegar íslenskar rannsóknir sem tengjast samræmdum prófum. Sigurður Konráðsson var annar tveggja gesta fundarins en hann og fleiri kennarar við Menntavísindasvið leggja nú lokahönd á rannsóknarverkefnið *Íslenska semnámsgreinog kennslutunga*. Sigurður gerði grein fyrir þeim hluta niðurstaðna rannsóknarinnar sem fjallar um viðhorf stjórnenda og kennara til samræmdra prófa. Ýr Þórðardóttir var hinn gestur fundarins og gerði hún grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sinnar til meistaraþrófs en hún fjallaði um aðalnámskrár grunnskóla og samræmd könnunarpróf í íslensku 2011–2015. Að loknum kynningum fór fram umræða.

Meðal þess sem fram kom á fundinum var:

- Íslenskar rannsóknir sem tengjast viðfangsefni okkar eru ekki margar.
- Skólar virðast ekki vinna mikið með niðurstöður prófanna.
- Niðurstöður prófanna eru settar fram á of tæknilegan hátt.
- Helstu athugasemdir sem kennarar gera við íslenskuprófið snúa að málfræðisþvingum.
- Samræmd próf og PISA-próf virðast ekki vera ofarlega í huga kennara og umræðan um þau er ekki áberandi.
- Gagnrýnt að prófað sé úr staðreyndum en ekki hvernig nýta megi þekkinguna.
- Krossapróf henta ekki nægilega vel til að kanna hæfni og slæmt að hafa fellt niður ritunarþáttinn.
- Nemendur virka áhugalitlir um samræmd próf.
- Framsetning prófanna og inntak þeirra er mun verra í dag en það var árið 1993.
- Margir ókostir sem fylgja því að nota rafræn próf, t.d. virðist bera á því að nemendur kasti til hendinni og vandi sig mun minna en í prófum á pappírformi.
- Prófin lita skólastarfið á ákveðnu tímabili og þá ekki síst vegna framkvæmdarþáttarins og áhyggna af því hvort tæknin virki eða ekki. Þau setja hins vegar lítinn svip á hefðbundið skólastarf.
- Kennarar eru afskaplega ósáttir við að fá ekki að sjá prófin.
- Mikilvægt að skoða aðra möguleika við fyrirlögn samræmdra prófa og að hanna annars konar próf.
- Sparnaðarfnykur af inntaki prófanna og tilgangssleystilfinning áberandi.
- Ókostur að leggja prófin fyrir í 9. bekk enda rúmlega heilt skólaár eftir og óljóst, t.d. í málfræði, hvaða atriði verða til prófs.
- Nú heita prófin könnunarpróf, hvaða hlutverk hafa þau, tilgangurinn er óljós. Ef þau hafa ekki tilgang þá skipta prófin ekki máli.
- Skólamenningin hefur breyst það mikið á undanförunum árum að samræmd próf í þeirri mynd sem þau eru nú eru orðin barn síns tíma. Til hvers þá að eyða fjármagni og tíma í að leggja þau fyrir?
- Ef samræmd próf eiga að vera áfram þarf að endurhanna þau, nota tæknina, gera þau fjölbreyttari.
- Nær væri að aðstoða skóla við að koma á góðu innra mati.

Í lok fundar var ákveðið að skipuleggja sérstakan fund með fulltrúum nemenda seinni hluta dags því þeir eiga erfitt með að funda með starfshópnum fyrir hádegi. Næsti fundur fer fram 3. október 2018. Gestir fundarins verða Amalía Björnsdóttir, Sigurgrímur Skúlason og Inga Úlfisdóttir.

SKS/2018

3. október 2018

**Frásögn af sjötta fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf**

**Fundinn sátu: Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Magnús J. Magnússon, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Gestir fundarins voru Amalía Björnsdóttir, Sigurgrímur Skúlason og Inga Úlfisdóttir.**

Viðfangsefni fundarins var einkum að ræða um framkvæmd prófanna og tæknilegar útfærslur. Gestir fundarins voru Amalía Björnsdóttir, Sigurgrímur Skúlason og Inga Úlfisdóttir. Amalía er formaður þriggja manna sérfræðihóps um framkvæmt og þróun könnunarprófa í grunnskólum. Lesa má um hlutverk hópsins hér:

<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=1610b6e9-431c-11e8-942b-005056bc530c>. Sigurgrímur er próffræðingur og sérfræðingur í tölfraði og Inga er próffræðingur og sérfræðingur í prófagerð. Inga er varamaður Sverris Óskarssonar í starfshópnum. Inga Úlfisdóttir fjallaði fyrst og fremst um samningaferli prófa.

Meðal þess helsta sem fram kom var:

- Bent á að margir hagsmunaaðilar koma að málinu; sveitarfélögin, foreldrar, framhaldsskólar, háskólar, það gerir umræðuna um prófin enn mikilvægari.
- Að erfitt væri utanaðkomandi aðila að gera athugasemdir við einstök atriði prófanna vegna þess að þau eru hvergi birt.
- Skoða þarf vel og skýra 10. gr. í reglugerðinni um samantekt og birtingu enda er birting niðurstaðna eitt helsta álitamálið við fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa.
- Fáar íslenskar rannsóknir til um samræmd könnunarpróf og í umfjöllun um prófin er algengt að segja „bara mér finnst og þannig“. Skoða hvað hefur verið skrifað um samræmd próf á leitir.is – sl. 10 ár.
- Gengur ekki að vera bæði með birtingu prófatriða og einstaklingsmiðuð próf því það verður að vera hægt að nota sama próf aftur og aftur. Annars verða prófin ekki samanburðarhæf milli ára. Auk þess er gríðarleg vinna sem fer í að semja hvert próf, forprófa og fleira.
- Tæknivandamál geta m.a. skapast vegna þess að skólarnir leggja sjálfir til tölvurnar í stað þess að útveguð séu stöðluð tæki til að allt gangi snuðrulaust. Á það hafa m.a. erlendir sérfræðingar bent. Erfitt eða illmögulegt að koma því við hér á landi.
- Spurning hvort við höfum yfirhöfuð bolmagn til að reka rafrænt próf? Þörf á mun meiri mannskap til að vinna úr niðurstöðum og fleira. Leggja þarf mun meira fjármagn í þetta kerfi.
- Hvaða „vanda“ er einstaklingsmiðuðum hæfniprófum ætlað að leysa?
- Vandamálið vorið 2018 voru einkum með S-prófið enda mjög hátt hlutfall nemenda sem tók þá útgáfu (þ.e. útgáfu með hljóðskrá og fleira.)
- Hvað varðar tækimál má segja að það sé engin leið að við getum búið til okkar eigið kerfi. Hins vegar er vert að taka fram að það er ekki hlutverk hópsins að velja fyrir sér hvort tæknin geti klikkað.
- Dreifa prófunum á fleiri daga, þróa prófin áfram þannig að til sé nóg af efni til að hægt sé að hafa þetta á mörgum dögum.
- Bent á að of lítið sé fjallað um próffræði í kennaranámi. Kennarar og skólasamfélagið þurfa að skilja betur hvernig hægt er að tala um niðurstöður. Þótt símat sé í tísku þarf fólk að hafa þekkingu á þessu sviði. Kennarar hafa ekki nægar forsendur til að lesa nógu vel út úr niðurstöðum.
- Hægt er að sjá ýmsar vísbendingar um framtíð nemenda á 4. bekkjar prófinu. Mætti í því sambandi segja að við notum niðurstöðurnar ekki nógu vel til að betrubæta? Vegna forspárgildi 4. bekkjar prófsins væri nær að leggja frekar niður 9. bekkjar prófið en 4. bekkjar prófið.
- Áhyggjuefni hvað innflytjendabörnum gengur illa í samræmdum prófum hér á landi miðað við aðrar þjóðir. Við eigum erfitt með að tala um stéttaskiptingu. Við tölum ekki um hvað fátækum börnum gengur illa.
- Taka þarf skýrt fram hvað þessi próf þýða – fyrir einstaklinga – foreldra – samfélagið.

- Hvað geta rafræn próf metið? Hvað geta skólar metið sjálfir?
- Lítil flokkun eftir námsgetu hér á landi. Inntaka í framhaldsskóla er eiginlega eini staðurinn í kerfinu þar sem einkunnir skipta máli til að komast í tiltekna skóla.
- Gríðarlegt brottfall í framhaldsskólum. Eitt helsta vandamál framhaldsskólanna er brotthvarf. Dýrt fyrir alla. Lítil áhersla á námsárangur.
- Rannsóknin *Starfshættir í grunnskólum* leiddi m.a. í ljós að meiri áhersla er á að börnum líði vel en á námsárangur.
- Tengsl aðalnámskrár við samræmd próf. Spurning hvort prófin nái að prófa úr því sem kemur fram í aðalnámskrá. Það þarf að gera það sýnilegra hvað verið er að prófa. Ætti að taka fram hvað atriði eigi að prófa í samræmdum prófum og hvað ekki?
- Vandinn er ekki að börnum gangi illa á samræmdum prófum, heldur að börn standa ekki nógu vel að vígi.
- Samræmdu prófin – hlutverk þeirra getur verið leiða nemendur á rétta braut í námi. Skólakerfið okkar er svo opið og svigjanlegt.
- Ein grunnforsenda námsmats er að safna gögnum – á kerfisbundinn hátt.
- Vegna þess að tíminn er knappur þarf að huga að því að hanna spurningar sem ekki eru tímafrekar.
- Takmarkanir prófanna: ekki hægt að beita fjölbreyttum aðferðum - nema með fjölvalsþspurningum.
- Samræmd próf veita annars konar upplýsingar en hefðbundin skólapróf? Mikilvægt að geta fylgst með þróun með markvissum hætti – og þannig nýtast samræmd próf: a) Framvinda nemenda – b) Staða skólakerfis eða stofnana á ákveðnum tímamarki – c) Þróun skólakerfis eða stofnana. T.d. Hvort nemendur standi svipað miðað við jafnaldrá sína í 7. bekk og 9. bekk.
- Gæði prófs liggja ekki í einhverri einni spurningu sem er tekin úr samhengi og gert grín að henni, líkt og gerðist með orðið *áhyggja*.
- Munur á pappír eða tölvu? Aðalatriðið að nemendur taki próf á það tæki/pappír sem hann er vanur að nota.
- Hætta á í ritunarprófi að nemendur noti einfaldara málsnið/málfar en ella vegna þess að hann vill forðast villur.

SKS/2018

## 7. nóvember 2018

### Frásögn af sjöunda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson.**

Þessi fundur fór fram kl. 12.30–16, að loknum samráðsfundi sem stóð frá kl. 8.45–12. Á fundinum var rætt um nýafstaðin fund með 50 þátttakendum, skipulag fundarins og hvernig til tókst. Þá var rætt um næstu skref samstarfshópsins. Meðal þess sem fram kom var:

- Að eitt af því sem væri mjög mikilvægt að skoða og skýra væri TIL HVERS. Til hvers eru samræmd próf, hver er tilgangur þeirra? Fyrir yfirvöld, skóla, kennara, nemendur, forráðamenn?
- Algengt að heyra að talað sé um að þörf sé á lengri tíma til að prófa rafræn próf. Að ein leið gæti verið að skoða kosti og galla þess að stoppa ferlið, þ.e. fresta framkvæmd samræmdra prófa þar til búið er að hanna próf sem falla betur að kröfum og væntingum um „góð“ próf.
- Gæti verið nóg að breyta því hvernig niðurstöður eru birtar en hafa prófin í svipum dúr?
- Prófin sem lögð eru fyrir nemendur á Íslandi eru „mildasta“ útgáfa prófa í Evrópu, utan Finnlands.
- Mikilvægt að hægt sé að afla upplýsinga um kerfið í heild, t.d. til þess að geta skoðað hvað mætti bæta, t.d. nám innflytjenda. Prófin í dag gera þetta ekki. Norsku prófin eru dæmi um þannig próf.
- Spurning hvort kaupa þurfi tölvukerfi sem býður upp á fleiri möguleika en þetta kerfi sem nú er í notkun.



- Hvaða samræmdu mælikvarðar eru til í dag sem geta nýst í stað samræmdra könnunarprófa – ef ákveðið yrði að hætta að leggja þau fyrir?
- Hver eru afturvirkur áhrif prófanna? Áhersla á tiltekna námsgreinar, jafnvel námsþætti innan greina, tilhögun kennslu.
- Skoða þar vel hvaða gestum við bjóðum á fundi með starfshópnum. Æskilegt að hitta fleiri nemendur og fjölbreyttan hóp. Við erum að komast á þann stað í vinnunni að það fer að verða tímabært að fara meira á dýptina.
- Starfshópurinn telur að verkefninu miði í rétta átt, að fundir starfhópsins nýtist mjög vel og að samráðsfundurinn hefði verið mikilvægur. Jafnframt að rétt sé að skoða möguleika þess að hafa fleiri samráðsfundi þegar vinnan verður komin á næsta stig.
- Ákveðið var að funda vikulega fram að jólum á miðvikudögum kl. 8.45–11.45. Fundað verður á mismunandi stöðum.

SKS/2018

#### 14. nóvember 2018

#### Frásögn af níunda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Inga Úlfsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Þorvar Hafsteinsson og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Forföll boðuðu Hjördís Albertsdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson. Varamenn Sverris og Þórðar sátu fundinn.**

Meðal þess helsta sem fram kom:

- Farið yfir fundarfrásagnir 7. og 8. fundar og gerðar minni háttar athugasemdir.
- Þátttökulisti af samráðsfundi 7. nóvember sl. Fundarmenn beðnir að fara yfir listann, bæta við hann ef þarf og senda upplýsingarnar til SKS.
- Viðhorfskönnun. Senda á stutta viðhorfskönnun til þátttakenda á samráðsfundinum og biðja þá að leggja mat á fundinn og fyrirkomulag hans. Farið var yfir spurningar.
- Niðurstöður hópavinnu samráðsfundar. Búið er að taka saman 10 blaðsíðna samantekt. Fundarmenn beðnir að lesa samantektina. SKS ætlar að flokka niðurstöðurnar. Rætt var um setja þær fram á myndrænan hátt með Mind Manager eða Excel. Málið verður rætt aftur á næsta fundi.
- Næsti fundur starfshópsins. Á dagskrá fundarins verður yfirferð á lesefni sem safnast hefur saman. Fundarmenn því beðnir að lesa öll þau skjöl sem þeir komast yfir. Ákveðið var að hafa þann fund á fjarfundarformi gegnum-ZOOM kerfið. Rætt var um að halda fjarfundi gegnum það kerfi með utanaðkomandi aðilum og því verður þessi fundur eins konar forprófun.
- Skipulag næstu vikna og umræður: Farið yfir yfirlitsblað með fyrirhuguðum fjölda funda, hugmyndum að gestum á næstu fundi og nokkrum spurningum sem farið var yfir. Ákveðið var að boða nemendur framhaldsskóla á eins konar rýnifund í janúar 2019.
- Rætt var um skilgreiningar á hugtökum, s.s. samræmd próf, samræmd könnunarpróf og samræmt námsmat. Safna þarf saman fyrirbyggjandi skilgreiningum en huga jafnframt að nýjum skilgreiningum á hvað við eigum við með orðinu: „samræmd“ í tengslum við próf. Stefnt er að því að hafa umfjöllum um námsmat í lokaskýrslu. Bent var á að áður en við förum út í skilgreiningar þurfum við að vita hvert við stefnum.
- Áhugi er fyrir því að halda fundi úti á landi, t.d. Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Gætu jafnvel verið fjarfundir.

- Var það var fram spurningu um hvaða samræmdu mælikvarðar eru til í dag sem geta nýst í stað samræmdra könnunarprófa ef ákveðið yrði að hætta við að leggja þau niður. Ákveðið var að taka saman yfirlit það sem til er.
- Rætt var um mismunandi útfærslu á samræmdum prófum. Um munnleg próf í tungumálum og samræmd próf í list- og verkgreinum. Hvernig próf viljum við og úr hverju viljum við prófa?
- Búið er að þemagreina þær 38 spurningar sem hópurinn hefur tekið saman. Flokkarnir eru í spurningaformi og eru Markmið: Á að leggja samræmd próf fyrir í grunnskólum? Hver ættu viðfangsefni samræmdra prófa að vera? Hvernig falla samræmd próf að stefnunni um menntun án aðgreiningar? Hlutverk: Hvernig ætti að birta og vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa? Fyrirkomulag: Hvernig ætti fyrirkomulag samræmdra prófa að vera? Undir hverjum flokki eru síðan nokkrar spurningar. Næsta skref er að raða athugasemdum frá samráðsfundinum inn á einstaka spurningaflokka. Finna þannig hvar ágreiningur er og hvar samhljómur.
- Hópurinn þarf að svara spurningum um markmið, hlutverk og fyrirkomulag prófanna í framtíðinni, hvað hlutverki eiga prófin að gegna í íslensku menntakerfi? Er það fyrir kerfið, skólann eða nemendurna? Rætt um þrjú hlutverk prófanna í dag og vandamál því tengdu. Þá varð umræða um þátttöku nemenda í prófunum, undanþágur o.fl.
- Umræða varð um hvernig við metum, hvaða námsgreinar og hvaða námsþætti. Ef til vill er skynsamlegt að draga úr vægi prófanna meðan verið er þróa nýtt prófafyrirkomulag en þá þurfum við að vita hvert við stefnum og hvernig lokaafurðin á að líta út. Nefnt var að Menntamálastofnun (MMS) gæti gefið út viðmið og leiðbeiningar fyrir námsmat í skólum, sbr. Finnland. Ekki er vitað til að prófað sé miðlægt á samræmdan hátt í Finnlandi.
- Rætt var um ytra mat á grunnskólum og hvernig það ætti að geta verið mælikvarði þegar kerfið er metið. Skilgreiningar á innra og ytra mati skóla liggja fyrir. Þarf að skilgreina innra og ytra mat upp á nýtt? Lesferill – góð viðmið með íhlutun og leiðbeiningum. Bent var á að færsla prófanna yfir í rafrænt form hafi komið í veg fyrir að skólar geti nýtt sér niðurstöður prófanna. Kennarar geta t.d. ekki farið yfir niðurstöður með nemendum. Skortur á samtali milli MMS og skóla. Ekki lengur hægt að skoða úrlausnir. Rætt um hæfnimiðuð próf en stefnt var að einstaklings- og hæfnimiðuðum rafrænum prófum. Úrskurður er fallinn um að ekki megi halda prófatriðum leyndum sem setur hugmyndina um gagnabanka í uppnám. Bent á innleiðingu aðalnámskrár sem ekki var fylgt eftir með viðeigandi stuðningi og leiðbeiningum ólíkt læsisátakinu og lesferilsprófunum þar sem nægt fjármagn fylgdi. Bent á að það vanti lesskilningspróf og stærðfræðipróf í sama dúr og lesferilsprófin. Efast hefur verið um gæði prófanna. Prófsemjendur eru þó reyndir grunnskólakennarar og hefur MMS ráðið þá til lengri tíma í senn til að tryggja samfellu.

MH/2018

## 21. nóvember 2018

### Frásögn af tíunda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Fundurinn fór fram með fjárfundarbúnaðinum ZOOM.**

Fundarefnið var fyrst og fremst yfirferð gagna sem safnað hefur verið saman í tengslum við vinnu starfshópsins. Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum:

- Vakinn athygli á því að síða starfshópsins á vef Stjórnarráðsins hefur fengið nýja slóð. Hún er nú: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=50b25c81-e9ad-11e8-942f-005056bc4d74>

- Búið er að senda viðhorfskönnun til þátttakenda. Samantekt á niðurstöðum samaráðsfundar er aðgengileg á síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins. Niðurstöðurnar og samantektin verða skoðaðar áfram í samhengi við annað sem er til umræðu í starfshópnum.
- Rætt um fyrirkomulag og markmið funda á landsbyggðinni. Fram kom að þótt fjarfundir gætu væru hentugir væru þeir af öðrum toga en hefðbundnir fundir. Lagt var til að skipuleggja fundi á landsbyggðinni með rýnihópasniði en ekki með fjarfundarsniði, þ.e.a.s. ef fjármagn fæst til slíkra funda.
- Rætt var um mikilvægi þess að fulltrúar í hópnum hefðu samráð við bakland sitt í sambandi við þessa vinnu.
- Rætt var um opinbera birtingu niðurstaðna og reglugerð sem gerir ráð fyrir slíkri birtingu. Á sama tíma sem það getur verið mikilvægt að geta séð niðurstöður einstakra skóla og borið þær saman við aðra skóla kallar slíkt fyrirkomulag á neikvæða umfjöllun í fréttu- og samfélagsmiðlum, líkt og dæmin sanna.
- Rætt var um mikilvægi þess að meta skólastarf líkt og störf og starfsemi á almennum vinnumarkaði. Spurningin er hvort samræmd próf séu rétta mælitæki til slíks. Í tengslum við þá umræðu var rætt um að skoða vel hvað gæti komið í staðinn fyrir samræmd könnunarpróf ef ákvörðun yrði tekin um að breyta fyrirkomulagi þeirra þannig að þau væru ekki nýtt í þeim tilgangi.
- Bent á efni í Eurydice: European Commission National Testing of Pupils in Europe: Objectives, Organisation and Use of Results. Á bls. 24 kemur fram að varað hefur verið við því að nota sama prófið í margþættum tilgangi:

National tests are often intended to serve several purposes across the three foregoing categories. For example, Estonia, Ireland, Italy, Latvia, Poland and Portugal report that their tests for the award of a certificate are also to be used to monitor the education system. Other countries including Bulgaria, Italy and Slovenia state that the same national tests are employed for monitoring purposes at both school and system levels. Tests in Belgium (French Community), Austria and Slovenia are intended both to identify individual learning needs and to monitor educational performance.

Assessment experts have warned that the use of a single test for several purposes might be inappropriate where the information ideally required in each case is not the same. In such instances, education authorities have been advised to rank the different purposes in order of priority and adjust test designs accordingly <sup>(4)</sup>.

- Rætt um að skoða hvernig kerfi gæti litið út sem væri samtengt, þannig að á einn stað væri safnað saman gögnum úr skólum og niðurstöður prófa frá MMS.
- Rætt um skoska kerfið og að skoða það betur. Til dæmis hvernig það hefur gefist að kennarar hafi frelsi til leggja prófið fyrir þegar þeir kjósa. Atriði til að skoða betur.
- Rætt um að skoða betur fyrirkomulag í Skotlandi, Finnlandi og Noregi.
- Háskólafolk hefur áhyggjur af því að A-próf fæla frá tiltekna nemendahópa. Slíkt leiðir til að nýnemum fækkar t.d. í HÍ því nemendur fara annað.
- Enn og aftur rætt um skort á mælingum og rannsóknum hér á landi. Vantar úttektir á prófum. Jafnvel að það vanti rannsóknardeild.
- Rætt um þörfina á því að efla starfspróun kennara.
- HÍ er með samning við INSPIRA-kerfi. Það er talið vera gott kerfi, mun betra en það sem MMS er með en það er líka margfalt dýrara. Ríkið greiðir fyrir bæði kerfin. Væri hægt að fá gott tilboð í kerfið fyrir grunnskólann líka – ef ákveðið verður að leggja áfram fyrir rafræn próf?
- Þátttaka á fundi hefur verið mjög góð og varamenn hafa ekki oft verið kallaðir inn. Rætt var um að aðalmenn skyldu ákveða sjálfir hvort þeir kalli á varamenn ef þeir komast ekki á einn fund.
- Á fundi eftir hálfan mánuð verður prófsýning. Þá verða skoðuð próf frá ýmsum löndum sem búið verður að safna saman. Skoðað hvernig próf frá öðrum löndum eru í samanburði við prófin okkar.

- Næsti fundur starfshópsins verður miðvikudaginn 28. nóvember. Á dagskrá er m.a. kynning á Lesferli, niðurstöður hópavinnu á samráðsfundi, lesefni og áfangaskýrsla. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lestri á efni sem safnast hefur saman.

SKS/2018

## 28. nóvember 2018

### Frásögn af ellefta fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson. Fundurinn fór fram hjá MMS.**

Farið yfir fundarfrásögn frá 21. nóvember. Engar athugasemdir frá fundarmönnum. Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum:

- Lesferill – kynning: Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, kynnti Lesferil. Hún byrjaði á að sýna okkur nýtt myndband sem kynnir Lesferil. Verið er að setja margs konar skimanir/próf í rafrænt form. Skólagátt er opin öllum og er farið inn á hana með Íslykli. Almennt er mjög góð þátttaka í lesfimiþrófunum en hún dalar þó aðeins elstu árgöngunum. Vangaveltur eru um hvaða nemendur það eru sem taka ekki þátt í 10. bekk.  
Verið er að staðla réttitunarpróf fyrir 3.–10. bekk. Umræða skapaðist um tölvufærni og fingrasetningu en á það reynir í rafrænu réttitunarprófi. Hafdís kynnti hugmyndir sem verið er að vinna með í tengslum við ritun. Sú vinna er komin vel áleiðis en hún hefur samt efasemdir um staðlað ritunarpróf.
- Bent var á kafla 22 í fjárlagafrumvarpi og áætlunum fyrir árið 2019. Þar er vikið að þróun skimunartækja fyrir stærðfræði og náttúruvísindi.
- Tim Oates hjá Cambridge Assessment er væntanlegur til landsins og er okkur boðið að sitja fund með honum föstudaginn 7. desember kl. 10:00–11:30.
- MMS hefur óskað eftir samstarfi við HÍ um samræmd próf. Þegar skoðuð eru samræmd próf í öðrum löndum sjáum við að háskólarnir koma víða að gerð þeirra.
- Rætt hefur verið við MRN um áhuga starfshópsins og fleiri aðila um að halda fundi úti á landi. Beðið er eftir viðbrögðum við beiðni um pening til að standa straum af a.m.k. tveimur slíkum fundum.
- Áfangaskýrslan – umfjöllun, Rætt var um innihald skýrslunnar. Skýrslan sjálf telur 13 bls. en viðaukinn er 31 bls. Drögin verða send til starfshópsins til yfirlestrar áður en þeim verður skilað í ráðuneytið.
- Meira um gögn í Dropboxi – lesefni og fleira: Rætt um að halda annan fund þar sem við einblínum á lesefnið í Dropboxinu.
- Niðurstöður mats á samráðsfundi. dinum. Samantekt verður birt í áfangaskýrslu.
- Rætt var um einstök verkefni stjórnarmanna sem felast m.a. í gagnaöflun og skipulagi á samráðsfundum með annars vegar nemendum og hins vegar sveitarstjórnarfólki.
- Næsti fundur verður föstudaginn 7. desember kl. 10–12. Fundurinn 5. desember fellur því niður.
- Ekki er gert ráð fyrir fundum milli jóla og nýárs og ekki verður haldinn fundur 2. janúar 2019.

HA / 2018

## II Samráðsfundur – Samtal um samræmd próf

### 1. Þátttakendur á samráðsfundi 7. nóvember 2018

1.	Svanhildur Kr. Sverrisdóttir	Formaður starfshóps um samræmd könnunarpróf
2.	Þórður Kristjánsson	Sambandið
3.	Helgi Arnarson	Grunnur
4.	Brynhildur Sigurðardóttir	Skólastjórafél.
5.	Hjördís Albertsdóttir	Fél. grunnskólak.
6.	Eðvald Einar Stefánsson	Umboðsm. barna
7.	Þorvar Hafsteinsson	Heimili og skóla
8.	Sverrir Óskarsson	MMS
9.	Sigríður Lára Ásbergisdóttir	MRN
10.	Guðni Olgeirsson	MRN
11.	Valgerður Janusdóttir	Grunnur
12.	Magnús J. Magnússon	Skólastjórafél.
13.	Þorgerður L. Diðriksdóttir	Fél grunnskólak.
14.	Inga Úlfisdóttir	MMS
15.	Rúnar Sigþórsson	HA
16.	Ingvar Sigurgeirsson	HÍ
17.	Elsa Eiríksdóttir	HÍ
18.	Amalía Björnsdóttir	HÍ
19.	Björn Kristjánsson	Norðlingaskóli
20.	Ómar Örn Magnússon	Kennari í Hagaskóla
21.	Snorradóttir	Norðlingaskóli
22.	Silja Kristjánsdóttir	Sjalandsskóli
23.	Hulda Proppé	Sæmundarskóli
24.	Elsa Herjólfsdóttir Skogland	Fossvogsskóli
25.	Hildur Ingvarðóttir	Skólameistari Tækniskólans
26.	Þorsteinn Sæberg	Skólastjórafélag Ísl.
27.	Magnús Þór Jónsson	Skólastjóri Seljaskóla
28.	Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir	Skólastjóri Fellaskóla
29.	Hólmfríður G. Guðjónsdóttir	Skólastjóri Hólabrekkusk.
30.	Ingi Ólafsson	Skólameistari VÍ
31.	Kristín Jóhannesdóttir	Skólastj. Oddeyrarskóla
32.	Jóna Benediktsdóttir	Aðstoðarskólastjóri grunnskólans á Ísafirði
33.	Erna I. Pálsdóttir	Skólastjóri Álftanesskóla
34.	Bryndís Jóna Magnúsdóttir	aðstoðarskólastjóri
35.	Þorsteinn Hjartarson	fræðslustjóri
35.	Bryndís Jónsdóttir	Heimili og skóli
36.	Sigrún Edda Eðvaldsdóttir	Heimili og skóli - formaður
37.	Klara Finnbogadóttir	Sambandið
38.	Vígfús Hallgrímsson	Fulltrúi Sambandsins
39.	Helga Margrét Ólafsdóttir	Nemandi 10. bekk Garðaskóla
40.	Inga Huld Ármann	Nemandi í VÍ
41.	Auður Bjarnadóttir	Nemandi
42.	Rebekka Marteinsdóttir	MR
43.	Margrét Snorradóttir	MR
44.	Lilja Ragnheiður Snorrad.	MR
45.	Magnús Stephensen	Nemandi í Garðaskóla
46.	Arnar Björnsson	Samkóp
47.	Ragnar Þór Pétursson	Formaður
48.	Berglind Kristjánsdóttir	Keilir
49.	Ragnheiður Hermannsdóttir	Deildarstj. grunnskólak. – menntasv. Kóp.
50.	Elín Thorarensen	Sérfræðingur (fundarstjóri)
51.	Jón Pétur Zimsen	Aðstoðarmaður ráðherra

### 3. Dagskrá samráðsfundar

## Samtal um samræmd próf

Miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl. 8.45–12.00

Golfskála Garðabæjar, GKG golf, Vífilsstaðavegi, 210 Garðabæ

**Tilfni:** Síðastliðið vor skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem falið er að vinna tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili lokaskýrslu með tillögum sínum í febrúar 2019.

#### Eftirfarandi skipa hópinn:



Svanhildur Kr. Sverrisdóttir  
formaður, án tilnefningar



Margrét Harðardóttir, án tilnefningar



Þorvar Hafsteinsson, tilnefndur af  
Heimili og skóla



Helgi Arnarson, tilnefndur af Grunni,  
félagi fræðslustjóra og stjórnenda á  
skólaskrifstofum



Brynhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af  
Skólastjórafélagi Íslands



Eðvald Einar Stefánsson, tilnefndur af  
Umboðsmanni barna



Þórður Kristjánsson, tilnefndur af  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Hjördís Albertsdóttir, tilnefnd af  
Félagi grunnskólakennara



Sverrir Óskarsson, tilnefndur af  
Menntamálastofnun

Starfshópurinn um samræmd könnunarpróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis stendur fyrir dagskánni. Fundarstjóri er Elín Thorarensen. Umræðustjórar eru Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Elín Thorarensen. Borðstjórar eru ýmist aðalmenn eða varamenn í starfshópi um samræmd próf.

## Spurningar sem við ætlum að ræða:

- 1. Markmið:**  
Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heild að hafa samræmd próf?
- 2. Hlutverk:**  
Hvernig má nýta niðurstöður samræmdra prófa sem best?
- 3. Framkvæmd og fyrirkomulag:**  
Hvernig fyrirkomulag hentar best við framkvæmd og fyrirlögn samræmdra prófa?

## Heimskaffi

Við notum aðferð sem kölluð er **heimskaffi** eða „World Cafe“. Sú aðferð er oft notuð í samtali hagsmunaaðila til að ná fram nýjum hugmyndum eða skoðunum á ákveðnu viðfangsefni.

Í heimskaffi sitja þátttakendur (4–6) saman við borð í ákveðinn tíma (15–20 mínútur) og ræða eina tiltekna spurningu. Við hvert borð er borðstjóri sem sér um að stýra umræðunni. Að umræðu lokinni er stutt kynning á niðurstöðum og síðan dreifa þátttakendur sér á önnur borð. Borðstjórinn situr eftir og tekur á móti nýjum hópi.

## Dagskrá:

08:45-09:00

Morgunkaffi og skráning.

09:00-09:10



**Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, sérfræðingur og formaður starfshóps um samræmd próf**, býður þátttakendur velkomna. Hún greinir frá starfshópnum um samræmd próf, hlutverki hans og markmiðum. Hún gerir jafnframt grein fyrir tilefni fundar og dagskrá.

09:10-09:30



**Sverrir Óskarsson sérfræðingur í Menntamálastofun** flytur erindi þar sem hann segir frá því með hvaða hætti staðið er að samræmdum prófum í skólakerfi nágrannalanda.

09:30-09:50



**Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri**, flytur erindi sem kallast „Samræmd próf í grunnskóla: Af ástæðum eða af því bara?“

09:50–11:50



**Heimskaffi – hópavinna: Elín Thorarensen sérfræðingur** stjórnar hópavinnunni. Hún segir frá skipulagi hennar og hvernig þetta gengur allt fyrir sig. Kaffi og með því verður í boði allan morguninn en ekki gert ráð fyrir sérstökum kaffitíma.

11:50-12:00

Samantekt dagsins og næstu skref.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

#### 4. Heimskaffi: Niðurstöður hópavinnu

### A – BLÖÐ SEM VORU HENGD UPP Á SPJÖLD

Í lok dagskrár gáfu þátttakendur þeim atriðum sem þeim þóttu mikilvægust punkta. Þau atriði sem fengu flesta punkta eru höfð fyrst í upptalningunni. Hafa þarf í huga að þátttakendum gafst lítill tími til að leggja mat sitt á hvert atriði og það gæti hafa haft áhrif á val þeirra.

#### I Markmið: Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heild að hafa samræmd próf?

1. ENGINN þar sem samræmd próf eins og þau eru í dag styðja ekki við tilgang og markmið skólastarfs grunnskóla í dag. Tengjast ekki stefnu og markmiðum aðalnámskrár. 22●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
2. Ávinningurinn er lítill þar sem prófin mæla einungis brot af því sem fengist er við í skólanum. 18●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
3. Ávinningurinn væri fyrir skólana og kennarana í mjög afmörkuðum þáttum í ákveðnum námsgreinum. Tilgangurinn þarf að vera mjög skýr svo það sé einhver ávinningur. 12●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
4. Fyrir stjórnkerfi menntamála er nauðsynlegt að fá mat á gæðum kerfisins, þ.e. að skólarnir séu að skila því sem ætlast er til. Fyrir skólana að sjá utanaðkomandi mat á árangri. Vil síður gera úr ávinningi fyrir kennara, nemendur og foreldra. Fyrst ræða tilgang prófanna og svo framkvæmd. Vil ekki sjá þau notuð til vals í áframhaldandi nám 7●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
5. Hægt er að draga í efa að samræmd próf hafi jákvæð áhrif á þróun menntakerfisins eins og framkvæmdin og úrvinnslan er í dag. Ávinningurinn gæti verið að nýta niðurstöður til að gera breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu með markvissari vinnubrögðum. 5●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
6. Að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð. Endurgjöf til nemenda, foreldra, skóla, fræðslufyrvalda um hvort breyta þurfi áherslum í námi og hvað er gert vel. Þurfa að þjóna hagsmunum nemenda. 5●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
7. Tækifæri til að skoða jöfnuð milli skóla og bregðast við 2●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
8. Endurgjöf sem gagnast til úrbóta og uppbyggingar. 2●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
9. Að aðstoða skóla og skólayfirvöld við að semja námskrár sem styðja og hjálpa nemendum að ná sem bestum árangri. 2●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
10. Mikilvægt að skýrt sé hver eigi að fá endurgjöfina og að birting og umræða um niðurstöður sé ábyrg. 1●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
11. Sjá hvernig nemendur standa sig í námi og sjá hvort að skólinn sé ekki að koma námsefninu á framfæri. 1●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
12. Svárið ræðst af gæðum og fyrirkomulagi prófanna. 1●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●●
13. Leið til þess að mæla ákveðna þætti skólastarfs í landinu og þar með skapa grundvöll til að gera betur og/eða sjá hvaða aðferðir gefast best.
14. Upplýsingarnar (ef þær eru vel unnar) geta gagnast sem mat á kennslu. Ef þær eru birtar til einstakra skóla má nýta upplýsingarnar til endurbóta og efla gagnsæi í öllu kerfinu.
15. Tækifæri fyrir ólíka aðila að sjá sína stöðu og fá yfirsýn til að bæta sig.
16. Endurgjöf um mjög takmarkaðan hluta náms- og kennslu sem ætti að gefa nokkra mynd um námsstöðu nemenda og gæði kennslu og skólanna í heild.



17. Heildstætt viðmið á landsvísu – samanburður niðurstaðna fyrir nemendur, fyrir fræðsluskrifstofur, landshluta. Upplýsingagjöf.
18. Að meta árangur menntakerfisins (ef vel tekst til) til að geta bætt kerfið og tryggja að allir fái ákveðna menntun.

## II Hlutverk: Hvernig má nýta niðurstöður samræmdra prófa sem best?

1. Æskilegt að niðurstöður samræmdra prófa sé hægt að nýta til þess að bæta skólastarf og stuðning við einstaka nemendur en til þess þyrfti að breyta inntaki og framkvæmd allnokkuð. 11 ●●●●●●●●●●
2. Aðstoða skóla, nemendur og foreldra að finna styrk og veikleika, hvar þarf að auka vægi hæfnipáttanna í kennslunni og hvar er verið að gera vel. Leið til að hvetja nemendur til að gera betur. 10 ●●●●●●●●●●
3. Með því að hafa tilganginn alveg skýran í upphafi þá má t.d. meta áhrif skólaþróunar, áhrif einstakra kennsluhátta og fleiri breyta, hægt að nýta til úrbóta 9 ●●●●●●●●●●
4. Þar sem erfitt er að meta alla mikilvægustu þætti skólastarfsins er heillavænlegra að auka vægi rannsókna og styðja við innra og ytra mat og starfsþróun kennara og kveðja samræmd próf. 8 ●●●●●●●●●●
5. Ef samræmd próf væru sértæk og fjölbreytt skimunarpróf í mörgum námsgeinum gætu þau nýst betur innan skóla með tengsl við samanburð á landsvísu. 7 ●●●●●●●●●●
6. Efast um að eitt próf geti þjóðnað ólíkum hlutverkum í upplýsingagjöf. Tel mikilvægast að samræmd próf gefi upplýsingar til stjórnýslu menntamála og skóla í heild. T.d. hvað vaðar gengi tiltekinnna þjóðfélagshópa og gengi skóla í tilteknum námsþáttum. 6 ●●●●●●●●●●
7. Með því að hafa þau einstaklingsmiðuð og nýta þau til leiðbeinandi endurgjafar 6 ●●●●●●●●●●
8. Ef stýrandi þá stýra í rétta átt miðað við hvað einstaklingar og þjóðfélag þarf. Staða einstaka nemenda endurspeglar ekki endilega því þau eru í samfélagi. 4 ●●●●●●●●●●
9. Fyrir nemendur að sjá stöðu þeirra á þeim afmörkuðu sviðum sem prófin ná til. Fyrir stjórnvöld til umbóta í draumaheimi. Fyrir einstaka skóla til úrbóta og skólaþróunar. 3 ●●●●●●●●●●
10. Með því að afla upplýsinga sem skipta máli. 3 ●●●●●●●●●●
11. Til að hægt sé að nýta niðurstöðurnar sem best þarf skólinn að fá að sjá prófin og þannig nota niðurstöðurnar til að lagfæra þá þætti sem ekki gengu nógu vel. Stærðfræðipróf verða að vera á blaði til að hægt sé að skoða hvar mistökin voru í útreikningi. Nemendur og foreldrar þurfa að fá að sjá prófin líka. 2 ●●●●●●●●●●
12. Besta nýting niðurstaðna samræmdra prófa er að þau séu hóflegur hluti af fjölbreyttu námsmati og séu notuð til leiðsagnar svo nemendur, foreldrar og skólar geti lært af prófunum. Þá geta prófin aukið gagnsæi og trúverðugleika í skólastarfi. 2 ●●●●●●●●●●
13. Veita nemendum, kennurum og skólum endurgjöf og tækifæri til vaxtar og þróunar og menntamálafrývöld fái upplýsingar um hvernig hæfnimarkmiðum aðalnámskrár er náð og komi með bjargir. 2 ●●●●●●●●●●
14. Trúverðug uppbygging samræmdra prófa sem eru í samræmi við aðalnámská og einnig í samstarfi við stóran faghóp gefa tækifæri til að styðja við þróun kennsluhátta og skólagerða og nám nemandans. 2 ●●●●●●●●●●
15. Til kennara og skólastjóra: Skoða þarf aðferðir þar sem vel tekst til og læra af þeim. Nýjar aðferðir o.fl. Fyrir nemendur: Hvað þarf að læra betur og hvað þurfa kennarar að laga varðandi kennsluna. 1 ●●●●●●●●●●
16. Skoða niðurstöður, mynstur í skóla, mynstur í bekk, mynstur einstaklinga. Breytingar frá síðustu fyrirlögn. Mynstur. Vinna skólastarf út frá því. 1 ●●●●●●●●●●

17. Það veltur á inntaki, eðli, framkvæmd og úrvinnslu prófanna. Eigi niðurstöðurnar að gagnast nemendum og kennurum til leiðsagnar og þróunar náms er nauðsynleg að prófin í núverandi mynd verði aflögð enda gefa þau afar takmarkaða mynd af heildarstöðu nemenda. 1●
18. Ég efast um að þetta sé uppbyggilegt fyrir nemendur, nýtist frekar skólayfirvöldum.
19. Til að rýna árangur í afmörkuðum þáttum náms og kennslu, fyrir skóla, sveitarfélög, ríkið.
20. Sem leiðsagnarmat, með áherslu á lykilhæfni, til að skoða árangur ákv. Þjóðfélagshópa í ákv. þáttum og þá bregðast við með stuðningi þar sem þarf.
21. Þegar búið er að ákvaða hvaða hlutverki samræmd próf gegna þá má fara að skoða hvað á að gera við niðurstöður.
22. Til greininga á stöðu barna í námi út frá svæði, skóla, þjóðfélagshóps o.s.frv. og til þess að sjá hvað má bæta og/eða læra af – ef rétt er mælt. Ekki til þess að láta börn vita hvar í röðinni þau eru á landinu.

### III Framkvæmd og fyrirkomulag: Hvernig fyrirkomulag hentar best við framkvæmd og fyrirlög samræmdra prófa?

1. Hafa prófasafn fyrir alla árganga sem kennari getur gripið í á þeim tíma sem hentar á hverju ári. Væri hægt að nota sem leiðbeinandi fyrir kennarann hvað hann mætti leggja áherslu á fyrir hvern nemanda. Mætti vera rafrænt eða pappír, allt eftir því hvað hentar. Best ef hægt væri að útfæra prófin þannig að það væri verið að kanna einnig lykilhæfni og færni. Tilgangurinn þarf að vera skýr. 18●●●●●●●●●●●●●●●●
2. Það er mikilvægt að markmið og hlutverk prófanna sé mjög skýrt áður en farið er af stað í framkvæmd. Ólík hlutverk prófa krefjast ólíkra matstækja í samræmdu mati, eins og öðrum þáttum skólustarfs er mikilvægt að gæta fjölbreytni. 10●●●●●●●●●●
3. Samræmd próf þyrftu að mæla fjölbreytta þætti. Mættu vera t.d. viðtöl, skrifleg próf, rafræn og fl. 5●●●●●
4. Fjölbreytt viðfangsefni í öllum námsgreinum með fjölbreyttri fyrirlögn, skrifleg, rafræn o.fl. í skilgreindum eða öllum árgöngum. Raunfærnimat, mörg minni skimunarpróf, leita að styrkleikum nemenda. 8●●●●●●●●●●
5. Finna leið til að meta hæfni – treysta skólum og kennurum til að meta, það fjölgar möguleikum. Hvað á að meta og hver er tilgangurinn. Lesferill – ath. þá leið og prófa afmarkaða þætti sem allir eru sammála um að séu grunnþættir undir áframhaldandi nám. (Sveigjanleg fyrirlögn) 8●●●●●●●●●●
6. Gera fyrirlögn prófanna líkari lesferilsprófunum. Opinn gluggi í x-tíma og skólar ákveða hvenær og þá hvort innan þess tíma prófin eru tekin. Ekki «hæpa» prófin upp eins og tilhneigingin hefur verið. Ekki birta niðurstöður prófanna opinberlega, ekki veita fjölmiðlum aðgang. «Best practice» skólar sem skora hátt leiðbeini öðrum um hvað þeir geri. Prófin endurspegli gunnþætti/hæfniviðmið aðalnámskrár og þar með kunnáttu nemenda (ekki það sem þeir kanna ekki). 7●●●●●●●●●●
7. Styttri próf sem mæla skýrt afmarkaða þætti sbr. lesfimiþróf. Fer eftir eðli prófþátta hvernig best er að framkvæma þá, rafrænt, skriflega... Skólar fái glugga til að framkvæma prófin. Lesfímileiðin sérstaklega vel heppnuð. 6●●●●●●●●●●
8. Gott að hafa stutt og hnitmiðuð próf sem prófa úr sérstökum þáttum skv. námskrá. Til að prófa úr sem fjölbreyttustu þáttum væri gott að hafa prófin á tölvutæku formi sem væri þægilegt að nota. Gott að hafa próf í uppbyggjandi röð. Fjölbreytt mælitæki. 6●●●●●●●●●●
9. Einstaklingsmiðað, uppbyggilegt og sveigjanlegt fyrirlög búið til af þverfaglegum hópi með skýr markmið og tilgang. Fjölbreytt próf og kannanir reglulega lögð fyrir. Ekki opinber birting. 4●●●●●
10. Leggja fyrir sértaka matsþætti aðalnámskrár og fleiri og fjölbreyttari en gert er í dag, reglulega og óundirbúið gagnvart nemendum. T.d. lesskilngur, stafsetning á öðrum tíma o.s.frv. og þá tíðar en á þriggja ára fresti. Nokkurs konar skimun og niðurstöður nýtast menntakerfinu og skólum til úrbóta. 3●●●

11. Ef framkvæma á samræmd próf þurfa kennarar fyrst að fá að sjá prófið sem leggja á fyrir börnin. Þannig geta kennarar undirbúið nemendur fyrir prófið. Prófin eiga ekki að vera rafræn og niðurstöður eiga að vera þannig að nemendur fái að sjá prófin eftir að búið er að fara yfir þau. Prófin eiga að vera styttri, sérstaklega fyrir yngri krakkana og þá sem eru með ADHA og aðrar greiningar sem gætu haft áhrif á einbeitingu nemenda. Prófatími ætti að vera miðaður við hvern einstakling fyrir sig. 3●●●
12. Með því að þróa verkefnabanka sem skólar geta sótt í og nýtt með fjölbreyttum hætti til leiðsagnar á mörgum námssviðum. 2●●
13. Að kaupa gott töluverki, fá fleiri frábæra kennara með í gerð prófanna, hafa fyrirögn bæði rafrænt og pappír og hafa fyrirögn sveigjanlega. Þá er mikilvægt að auka læsi í námsmati. 2●●
14. Skólar fá að vita með stuttum fyrirvara í hvaða greinum verður prófað svo það móti ekki skólastarfið um of. 2●●
15. Rafræn fyrirögn – mikill og ólíkur gagnagrunnur. Margvísleg framsetning í tengslum við áherslur aðalnámskrár, t.d. lesfimiþróf, hliðarþróf í tengslum við það. 1●
16. Við erum nú þegar með fjölbreytt samræmd matstæki, t.d. Lesferil, Hljóm. Virka í góðu samtali.
17. Framkvæmd og fyrirkomulag fer eftir því hvaða tilgangi prófin eiga að þjóna. Ef prófin eiga að vera í svipuðu lagi og núna úr ákveðnum námsgreinum, stæ + ísl, væri best að hafa þau oft, e.t.v. eftir að lokið er við einhvern ákveðinn þátt innan námsgreinarinnar. Þá er hægt að sjá hvað þarf að kenna aftur og leggja meiri áherslu á. Hafa þarf skrifleg próf sem minnka áhættu á villum.
18. Hafa styttri og hnitmiðaðri próf sem lögð eru fyrir á ákveðnu tímabili. Hafa fleiri greinar undir, jafnvel samþættingu.
19. Þau ættu í ríkara mæli að vera hluti leiðsagnarmats. Hægt að nýta þau með markvissum hætti til að meta stöðu og framfarir nemenda – og verða kennurum og skóla verkfæri til að innleiða gagnreyndar kennslu- og námsaðferðir. Þau gögn sem safnast saman mætti nýta við rannsóknir og við námsefnisgerð, t.a.m.
20. Það fyrirkomulag sem nær skýrast þeim tilgangi sem prófunum er ætlað að hafa – fyrst þarf að skilgreina tilgang og velja framkvæmd í samræmi við tilgang.
21. Höfum önnur matstæki (t.d. Lesferill) sem gefa okkur betri upplýsingar um stöðu nemenda á ákveðnum þáttum.

## B – BLÖÐ SEM EKKI FÓRU UPP Á SPJÖLD

### I Markmið: Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heild að hafa samræmd próf?

1. Mæla ákveðinn hluta náms miðað við ákveðna þætti aðalnámskrár, þá þætti sem forráðamenn skilja og vilja ræða um. Samtal um nám.
2. Enginn að mínu mati, fyrir menntakerfið eins og þau eru í dag.
3. Ef við teljum að nám nemenda eigi að vera samræmt getur verið gagn af samræmdum mælingum. – Vond / illa framkvæmd próf eru skemmandi fyrir menntakerfið.
4. Samræmd próf sem mæla ekki eða illa það sem nemendur eiga að læra skv. aðalnámskrá hefur neikvæð áhrif á skólastarf/menntakerfið. -> neikvæðan ávinning.
5. Enginn. Styðja ekki við aðalnámskrá grunnskóla. Skólastarf dagsins í dag ekki í neinum tengslum við tilgang og framkvæmd samræmdra prófa.
6. Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heil að hafa samræms próf? Ávinningurinn er að skoða stöðu skóla gagnvart þekkingu nemenda í afmörkuðum námsgreinum. Skólar geta séð hvar þeir standa í þessum

þáttum gagnvart landsmeðaltali. Endurspeglu ekki endilega stöðu nemendans því við lærum og vinnum í samfélagi, þ.e.a.s mjög takmarkaður ávinningur.

7. Framfaramælingar einstaklinga og hópa nýttast til greiningar á vinnu skóla.
8. Nemendur sjá stöðu – óraunhæft. Foreldrar sjá stöðu óraunhæft. Kennarar – ekki í samræmi við aðalnámskrá. Stjórnvöld/staða skóla -> enginn eins og er.
9. Auðvelda yfirsýn og samanburð á stöðu nemenda/ skóla gagnvart þeim atriðum sem þau prófa.
10. Stöðumat. Staða nemendans á landsvísi. Í ákveðnum námsþáttum. -uppl. Gildi -notkun-kunnátta - XXXX. – lengd prófa -gömul próf.
11. Ég hef efasemdir um að það sé ávinningur fyrir menntakerfið að hafa samræmd próf í því formi sem þau eru.
12. Gefa nemanda raunhæfa mynda um eigin getu svo hann fái stuðning til að þroskast. – Mæla ákveðna hæfni sem talin er menningarlega mikilvæg? – óljóst. – Mæla ákveðna hæfni sem talin er mikilvæg. – Gefa nemanda yfirsýn á getu sína (líkt og alltaf hefur verið gert í skólum) . -Gefa kennurum yfirsýn á kennslu sína og stöðu nemendahóps. >framkvæmdin gagnrýnd >finna slæma kennslu>efasemdir um kennara > tilgangur hvers tíma pólitískur frekar en fagleg.
13. Ávinningur samræmdra prófa. Leiðbeinandi fyrir nemendur, foreldra, kennara og skóla. Hvar standa nemendur m.v. ákv. viðmiðum úr námskrá. Eflir metnað einstaklinga og skóla.
14. Ávinningur: Gefur upplýsingar um stöðu skóla á hverjum tíma. – Gefur upplýsingar um breytingar yfir tíma. – Gefur tækifæri á inngripi fræðslufirvalda.
15. Eins og þau hafa verið framkvæmd má efast um að þau hafi neinn ávinning fyrir íslenskt menntakerfi. Hafa frekar valdið sundrunu og deilum um áherslur í skólastarfi – stuðlað að einhæfum kennsluháttum.
16. Gefa nemendum, foreldrum og kennurum endurgjöf á ákveðna þætti námsins hjá nemendum. Þannig fær menntakerfið vísbendingu um þróun mála.
17. Það fer auðvitað eftir innihaldi, eðli framkvæmd og úrvinnslu prófanna. Sama hvernig á það er litið er hætt við að ávinningur verði takmarkaður, afleiðarnar verði aukin áhersla á takmarkaða þætti náms sem skilar sér í einhæfara námi fyrir nemendur. Ávinningur fyrir menntakerfið hlýtur að eiga að snúa að nemendum, að þeim sé skapað ögrandi, hvetjandi og þroskandi námsumhverfi, sem samræmd próf skapa ekki.
18. Skólar geta séð hvar þeirra nemendur standa í samanburði við aðra og séð hvað má bæta í kennslunni.
19. Sjá stöðu einstakra skóla og landsvæða í einstökum greinum. Ætti að vera leiðbeinandi, fyrir skóla og kennara (en er það raunin?).
20. Endurgjöf fyrir nemendur kennara og skóla v. hæfniviðmiða ísl. Ens. Stæ. -> leiðsögn - Tæki yfirvalda til að koma áherslum sínum í framkvæmd. – Eru samræmd og því auka þau gagnsæi og trúverðuleika. – Eru samin af prófsérfræðingum og ættu því að vera betur samin en önnur próf.
21. Ávinningur fyrir menntakerfið í heild? Birta sameiginlega sýn í landinu á árangur í námi & meta stöðu gagnvart þeim markmiðum. Setja vörður um stöðu nemenda – til dæmis til leiðbeiningar framvindu í námi. Þetta er sérstaklega mikilvægt á því sem við búum enn við: skörpum skilum grunn- og framhaldsskóla. Sýn -markaðssetning. – endurgjöf til nem. – ytra mat á skóla, stýritæki yfirvalda. Afla nauðsynlegra upplýsinga. – meta kennslu – er hún jöfn? – innihald prófanna skiptir miklu máli uppbygging þeirra verður að vera í samræmi við aðalnámskrá. Rétt uppbygging á samræmdum prófum er forsenda þess að þau hafi yfirleitt ávinning fyrir menntakerfið.
22. Hann getur verið að afla upplýsinga um skólastarfið kennslu – nám – árangur EN til þess þurfa slík próf að uppfylla ákveðin skilyrði – ef ekki er verr af stað farið en heima setið.

23. Upplýsingar, fyrir nemendur, foreldra skóla, stjórnendur, sveitafélög, ráðuneyti. – Skoða breytingar – vald til foreldra að beita þrýstingi.

## II Hlutverk: Hvernig má nýta niðurstöður samræmdra prófa sem best?

1. Niðurstöður séu metnar og skoðaðar, leiði til saræðna innan skólasamfélagsins og leiði til markvissra vinnubragða í þágu nemaenda þeim til hagsbóta.
2. Niðurstöður samræmdra prófa þurfa einkum að nýtast nemendum og kennurum í einstaka skólum á uppbyggjandi hátt
3. Ef framsetningu er beytt í meira form leiðsagnar má nýta þær til uppbyggingar á jákvæðan hátt, öllum til heilla og útrýma þannig ósanngjörnum flokkadrætti og kvíða.
4. Prófað er úr ákv. Hlutum innan greinnanna og skólarnir fá að sjá stöðu sína þar og geta bætt þar.
5. Ef hlutverk hvers prófs er skýrt og ef það er vel upp byggt má nýta þau sem mat og endurgjöf í námi nemenda, endurgjöf til kennara og endurgjöf til skóla/stjórnenda.
6. Til umbóta í námi og kennslu í skóla og sveitarfélögum
7. Gefi samræmd próf gagnlegar upplýsingar má nýta niðurstöðurnar til að greina árangur mismunandi hópa og bregðast við þeim
8. Til að gefa uppbyggilega endurgjöf, nýtist sem hvatning og grundvölur til breytinga
9. Eftirlit með gæðum kennslu/menntunar í einstaka skólum
10. Þannig að það samrýmist tilgangi. En hver er tilgangurinn? Til endurgjafar samkvæmt tilgangi.
11. Skólar geti bætt sig þar sem er þörf.
12. Veita yfirsýn og uppbyggilega gagnrýni yfir stöðu nemenda í ákveðnum þáttum skólanáms.
13. Það væri hægt að fá kennara til að taka nokkrar kennslustundir í að fara yfir þá hluti sem komu verst út í þeim skóla.
14. Nýta sem leiðsögn fyrir kennara og nemendur. Hefur viðmiðum aðalnámsskrár verið náð?
15. Nýta sem leiðsögn fyrir nemendur, foreldra og skóla
16. Athuga hvernig viðmiðum aðalnámsskrár hefur verið náð
17. Gagnsæi og trúverðurleiki aukist
18. Greina árangur mismunandi hópa og bregðast við þeim
19. Til umbóta á kennslu og einstaklingsmiðuðu námi nemenda. Eins og prófin og þá niðurstöðurnar eru í dag þá gefa niðurstöðurnar afar takmarkaðar upplýsingar sem nýta má til úrbóta
20. Þurfa helst að stuðla að fjölbreyttum sveigjanleika og einstaklingsmiðuðum kennsluháttum – skólaþróun.
21. Væri hægt að fá kennara til að taka nokkrar kennslustundir í að fara yfir þá hluti sem komu verst út í þeim skóla.
22. Skólar geta lært hver af öðrum

## III Framkvæmd og fyrirkomulag: Hvernig fyrirkomulag hentar best við framkvæmd og fyrirlög samræmdra prófa?


1. Skólar hafi aðgengi að prófapökkum eða mati sem þeir geti gengið í og kannað stöðu sína rafrænt + pappír.

2. Í fjölbreyttu formi þar sem lögð er áhersla á einstaka þætti í styttri/umfangsminni prófum sem mættu vera rafræn, önnur ekki.
3. Ekki í 4. bekk – frekast við enda grunnskólans.
4. Gluggi frekar en ein dagsetning.
5. Þáttur í fjölbreyttu námsmati
6. Styttri lotur og oftar en nú er. Mögulega í þeim dúr sem lesferilspróf eru lögð fyrir með leiðbeinandi hætti.
7. Minnkuð áhersla á þekkingarmarkmið og ekki opinber samanburður í fjölmiðlum.
8. Fyrirkomulagið þarf að stuðla að eflingu leiðsagnarmats. Rafrænt form þeirra mætti gjarnan leiða nemendur inn á mismunandi brautir út frá þeirri forþekkingu, reynslu og hæfni sem til staðar er ... raunfærnimat og styrkleikar.
9. Þar sem möguleiki gefst til að meta á leiðbeinandi hátt þau hæfniviðmið sem eiga að liggja til grundvallar námi, erfitt að gera það rafrænt.
10. Að skólar hafi aðgang að margvíslegum samræmdum prófum sbr. Lesferil og geti notað þau þegar skólum hentar. Þessi próf þyrftu að reyna á sem flesta þætti aðalnámskrár. Skólar hefðu aðgang að gagnagrunni til samanburðar.
11. Styttri, afmarkaðri og fjölbreyttari próf.
12. Svigrúm til að meta stöðuna og bæta okkur þar sem þörf er á bætingu. Eftirlit.
13. Nemendur þurfa að skilja ástæður og afleiðingar prófanna vel og samræmi skal vera meðal skóla um undirbúning prófanna. Mikilvægt er að birta nemendum niðurstöður og úrlausnir.
14. Ekki birta niðurstöður,- dregur úr streitu. Dreifð fyrirlögn ekki allir sama dag. Rafræn próf – ekki einstaklingsmiðuð - ekki birta prófin. Mismunandi greinar – eftir árum. Bæta þekkingu skólakerfisins að lesa úr niðurstöðum.
15. Framkvæmd samræmdra prófa þarf að vera í samræmi við markmið hvers prófs. Mikilvægt að framkvæmd sé fjölbreytt og ólík:
  - rafræn könnun getur t.d. hentað til að mæla einfalda þekkingu eða afla upplýsinga frá skóla.
  - vettvangsathugun til að meta lykilhæfni nemenda eða gæði kennslu. Ekki birta niðurstöður v. streitu sem það veldur kennurum & nemendum. Ekki prófa alltaf sömu greinar. Hvað stýrir skólastarfi? -> Framhaldsskóla? -> íhaldssamir kennsluhættir? Þarf að gæta jafnræðis milli skóla um undirbúning f. prófin -> samræma undirbúningsferlið?
16. Framkvæmd. Svipuð og lesferilpróf. Skólar geti lagt þau fyrir þegar það hentar þeirra skipulagi. Til að nota til leiðsagnar. Rafræn og skrifleg Mismunandi hvað hentar eftir námsþáttum. Val um námsefni.
17. Fyrirlagnartímabilið opið og fyrirlögn stýrt af skólastjórnendum og sveitarfélagi. Formið (tölva eða pappír) sé ekki bindandi í framsetningu á viðfangsefnum og svörun nemenda.
18. Einstaklingsmiðað próf á tölvu, þar sem nemandinn fær spurningar við hæfi/getu, margir sérfræðingar sem koma að því að semja þau. Opin fyrirlögn.
19. Skrifleg og í tölvu / úrlausnir sýnilegar. Lengd prófa taki mið af aldri / þroska nemenda. Hugað sé að umgjörð nemenda, næring, vellíðan.
22. Hafa fleiri minni próf um afmarkað efni, með skýrum markmiðum.
  - lesferliprófin eru mjög góð t.d.
  - Meiri tæknistuðning við skólana.

23. Stutt próf sem prófa ákveðna námsþætti þegar búið er að fara yfir þá og kennari og nemandi telja það tímabært. Stærð á pappír eða skil á öðrum miðlum. SP samræmdur – ekki skil - tími né útfærsla. Hægt að prófa samræmt aðra hæfni þætti og ákvarða vægi.



## 5. Niðurstöður mats þátttakenda á samráðsfundinum Samtal um samræmd próf



Þátttakendum bauðst að koma á framfæri athugasemdum um fundinn og voru þær eftirfarandi:

- Fundurinn var mjög góður og margar góðar tillögur voru settar fram. Ég hefði viljað hafa meiri tíma til að ræða þetta. Spurning um að hafa annan fund?
- Mjög vel að þessu staðið.
- Mér finnst nauðsynlegt að blöðin sem ekki voru hengd upp fái líka athygli, þ.e. þau blöð sem hugmyndir voru skrifaðar á en hópurinn taldi ekki til þriggja mikilvægustu.
- Sérkennileg umræða og lítið af rökum.
- Góðar kveðjur og gangi ykkur vel í áframhaldandi vinnu.
- Mjög vel heppnað. Væntingar komnar um að samræmd próf verði í samræmi við samtölin á fundinum.
- Það eina sem mér fannst var að margir sem komu á fundinn voru búnir að mynda sér ákveðnar (neikvæðar) skoðanir og hlustuðu illa á skoðanir annarra.
- Góður fundur. :-)
- Góðir fyrirlesarar
- Það vantaði fólk af landsbyggðinni, fundarmenn voru nánast eingöngu af stór höfuðborgarsvæðinu (hringurinn var Akranes-Árborg-Reykjavík og þar í kring). Það vantar sýn landsbyggðarinnar á þessar spurningar og þær áskoranir sem kennarar/nemendur á landsbyggðinni standa frammi fyrir við fyrirlögn prófanna (og allt umstangið í kringum þau). Fundaraðstaðan var slæm að því leiti að utanaðkomandi umgangur og spjall hafði truflandi áhrif á þá sem sátu næst andyrinu. Veitingar sem boðið var upp á voru mjög góðar og til mikillar fyrirmyndar. Það var mjög gott að fá spurningarnar fyrir fundinn því þannig mættu fundarmenn betur undirbúnir.